



Framlag frumkvöðla til félagsráðgjafar.

Saga og sýn Guðrúnar Jónsdóttur fyrsta félagsráðgjafans á Íslandi

Kristín Jónsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Framlag frumkvöðla til félagsráðgjafar.
Saga og sýn Guðrúnar Jónsdóttur fyrsta félagsráðgjafans á Íslandi

Kristín Jónsdóttir

301261-4629

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarmaður: Halldór Sigurður Guðmundsson

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Kristín Jónsdóttir 2012

Prentun: Prentsmiðja Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Í þessu BA-verkefni er markmiðið að segja sögu fyrsta félagsráðgjafans á Ísland, gera grein fyrir sögu félagsráðgjafar í heiminum, segja sögu frumkvöðla og greina frá þróun kennslu í félagsráðgjöf. Einnig að varpa ljósi á aðstæður og umhverfi í íslensku samfélagi þegar fyrsti félagsráðgjafinn hefur störf og hver hennar fyrstu spor voru.

Frumkvöðlum í félagsráðgjöf þeim Jane Addams og Mary Richmond eru gerð sérstök skil ásamt Ólafíu Jóhannsdóttur sem var íslenskur frumkvöðull í félagsráðgjöf á sinn hátt og Guðrúnu Jónsdóttur sem er fyrsti Íslendingurinn sem lýkur prófi í félagsráðgjöf. Verkefnið er byggt á viðtali við Guðrúnu þar sem hún segir frá lífshlaupi sínu. Einnig var farið í gegnum ýmis skjöl og gögn til að fá sem besta heildarmynd af þróun kennslu í félagsráðgjöf og sögu félagsráðgjafar.

Saga Guðrúnar er að hún fór í háskólanám til Svíþjóðar og lét það ekki aftra sér að í raun var ekki nein fastmótuð starfslýsing fyrir hendi þegar kom að því að starfa sem félagsráðgjafi. Hún mótaði störfina sem hún tók að sér og ruddi brautina fyrir þá sem komu á eftir. Saga félagsráðgjafar er saga baráttu frumkvöðla en þeirra framlag, fórnarlund og pólitíska vitund er aðalmótunarferli félagsráðgjafar.

Efnisorð: félagsráðgjöf, saga, frumkvöðlar, konur

Formáli

Þessi ritgerð er skrifuð sem lokaverkefni í BA-námi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Halldór Sigurður Guðmundsson lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Honum kann ég bestu þakkir fyrir faglega leiðsögn og gagnlegar ábendingar við gerð ritgerðarinnar.

Hvatning mín að þessari ritgerð var uppástunga leiðbeinanda míns hvort ég hefði hug á að kynna mér sögu Guðrúnar Jónsdóttur fyrsta félagsráðgjafans á Íslandi. Áhugavert var að tala við Guðrúnu Jónsdóttur um ævi hennar og störf og flétta það saman við sögu félagsráðgjafar og sögu frumkvöðla greinarinnar. Færi ég henni sérstakar þakkir fyrir að hafa gefið sér tíma til að spjalla við mig.

Að lokum og allra mest vil ég þakka eiginmanni mínum, börnunum mínum fjórum, föður og dóttursyni fyrir óendanlega þolinmæði, stuðning og hvatningu síðustu tvö árin og við vinnslu þessarar ritgerðar. Án þeirra hefði mér ekki tekist að ljúka þessu verkefni.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Saga félagsráðgjafar	6
2 Frumkvöðlar í félagsráðgjöf	9
2.1 Jane Addams	9
2.2 Mary Ellen Richmond	10
2.3 Ólafía Jóhannsdóttir	12
2.4 Guðrún Jónsdóttir	12
3 Saga og þróun félagsráðgjafar á Íslandi	14
4 Þróun kennslu í félagsráðgjöf í heiminum	16
4.1 Norðurlönd	17
4.2 Ísland	17
5 Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi	20
5.1 Lífshlaup Guðrúnar	20
5.2 Af hverju valdi hún nám í félagsráðgjöf?	21
5.3 Árin í Svíþjóð	23
5.4 Fyrsti félagsráðgjafinn á Íslandi	24
5.4.1 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	25
5.4.2 Pólitíkin og lífið eftir barnavernd	28
5.5 Félag félagsráðgjafa	30
5.6 Kennsla í félagsráðgjöf á Íslandi	30
5.7 Stígamót	34
5.8 Hvaða sýn hafði hún á kennslu í félagsráðgjöf?	37
5.9 Hvað gerði hún öðruvísi ef hún væri fyrsti félagsráðgjafinn í dag?	38
6 Umræður og lokaorð	40
Heimildir	45

Inngangur

Í siðareglum félagsráðgjafa segir að grundvöllur félagsráðgjafa sé „virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafa er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti” (Landlæknisembættið, e. d.). Félagsráðgjöf er í senn fræði- og þjónustugrein eða vísinda- og starfsgrein. Starfsheiti félagsráðgjafa er lögverndað og nær yfir störf á breiðum starfsvettvangi félags- og heilbrigðisþjónustu, endurhæfingar og réttarkerfis. Nám í félagsráðgjöf felur í sér fræðilegan þátt og rannsóknþjálfun en felur líka í sér hagnýt, löggild starfsréttindi (Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir, 2008).

Það hefur fylgt mannkyninu að styðja við bakið á þeim sem þurfa á aðstoð að halda vegna vanda sem rekja má til fjölskyldu eða einstaklinga. Félagsráðgjöf er og hefur verið nútímafag og er í dag ört stækkandi fræðigrein. Hún þróaðist sem sérfræðigrein í kjölfar iðnbyltingarinnar um aldamótin 1900. Félagsráðgjöf sem fagstétt varð til sem svar við ákveðnum þörfum. Tilvist hennar byggist á að hún mæti þessum þörfum og njóti viðurkenningar í samfélaginu. Starf félagsráðgjafa á að taka mið af gildum samfélags en gildi félagsráðgjafastéttar geta verið önnur en þau sem eru viðtekin í samfélaginu (Farley, Smith og Boyle, 2006).

Í þessu BA-verkefni er umfjöllunarefnið lífshlaup fyrsta félagsráðgjafans á Íslandi, Guðrúnar Jónsdóttur, saga félagsráðgjafa ásamt sögu frumkvöðla greinarinnar. Verkefnið er byggt á viðtali og heimildum sem tengjast umfjöllunarefninu. Ritgerðin skiptist í sex kafla. Í fyrsta kafla er fjallað um sögu félagsráðgjafa og í þeim öðrum sagt frá frumkvöðlum í greininni. Þriðji kaflinn er um sögu og þróun félagsráðgjafa á Íslandi og sá fjórði um þróun kennslu í félagsráðgjöf í heiminum. Fimmti kaflinn er að mestu frásögn Guðrúnar Jónsdóttur fyrsta félagsráðgjafans á Íslandi, þar sem hún segir frá lífshlaupi sínu og af hverju hún valdi að leggja stund á nám í félagsráðgjöf. Hún segir frá því hvernig kennslu í félagsráðgjöf var háttað frá upphafi á Íslandi. Hún segir frá Stígamótum, sem er grasrótahreyfing gegn kynferðisofbeldi, en Guðrún er einn stofnenda samtakanna. Í sjötta kafla eru lokaorð ritgerðarinnar.

Leitast er við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

Hver er saga og sýn Guðrúnar Jónsdóttur fyrsta félagsráðgjafans á Íslandi ?

Hver voru fyrstu spor Guðrúnar sem félagsráðgjafa og hverjar voru samfélagsaðstæðurnar þegar hún hóf sín störf?

Hvert er framlag frumkvöðla til félagsráðgjafar?

Helsta markmið ritgerðarinnar var að segja sögu fyrsta félagsráðgjafans á Ísland, gera grein fyrir sögu félagsráðgjafar í heiminum, segja sögu frumkvöðla og greina frá þróun kennslu í félagsráðgjöf. Einnig að varpa ljósi á aðstæður og umhverfi í íslensku samfélagi þegar fyrsti félagsráðgjafinn kom til starfa og hver hennar fyrstu spor sem félagsráðgjafi voru. Leitast var við að vinna ritgerðina þannig að hún hafi sögulegt og þekkingarlegt gildi fyrir félagsráðgjafa og nemendur við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Til að svara rannsóknarspurningunum var tekið viðtal við Guðrúnu Jónsdóttur og aflað upplýsinga um hvernig þróun kennslu í félagsráðgjöf hefur verið í gegnum árin. Einnig var farið í gegnum ýmis skjöl og gögn til að fá sem besta heildarmynd af þróun félagsráðgjafar í gegnum tíðina og sögu frumkvöðla greinarinnar. Með því að skoða þá þætti sem nefndir hafa verið er leitað svara við rannsóknarspurningum ritgerðarinnar.

1 Saga félagsráðgjafar

Um aldamótin 1900 varð félagsráðgjöf til sem sérhæfð starfsgrein utan Íslands. Upphafið er hægt að rekja til kristilegra góðgerðarfélaga og umbótahreyfinga sem voru starfræktar á þeim tíma. Fyrir þann tíma var það helst í verkahring fjölskyldunnar að sjá um þá sem ekki gátu séð fyrir sér sjálfir. Umhyggja og hjálp var því byggð á skyldleika og ættarböndum. Í kjölfar iðnbyltingarinnar var komið á skipulagðri góðgerðarstarfsemi sem fyrst og fremst byggðist á siðferðilegum, pólitískum og efnahagslegum hugmyndum. Ekki voru allir á eitt sáttir um starfsemi góðgerðarfélaga sem skapaði mikila umræða um hversu illa hjálparstarfið væri skipulagt. Í kjölfarið voru sett á laggirnar námskeið fyrir fólk sem vildi starfa við góðgerðarmál. Þá kom í ljós að mikil þörf var fyrir menntað fólk í þessum starfstéttum og straumhvörf urðu í þeirri menntun sem bauðst. Hægt er að segja að félagsráðgjöf hafi orðið til sem afurð góðgerðarfélaga og urðu til vegna þeirra (Farley, Smith og Boyle, 2006).

Saga velferðarþjónustu í heiminum er ekki löng eins og við þekkjum hana en ef til vill mætti segja að sögur frá tímum Jesú eins og til dæmis sagan af miskunnsama samverjanum séu vísir að velferðarþjónustu. Áður en hugmyndir komu fram um velferðarmál í norðanverðri Evrópu og á Norðurlöndum sem tengdust umbótarhugsunum Bismarks og Beveridge og því að setja á fót almannatryggingakerfi voru vestræn samfélög byggð á hugmyndafræði um reglugerðir og skriffinnsku með valdbeitingu sem sitt helsta vopn. Á þeim tíma var velferðarkerfið á Íslandi byggt á Grágás, fornri lagaskrá og lögskýringarriti Íslendinga ritað á þjóðveldisöld, tíundarlögum Gissurar biskups Ísleifssonar frá 1056 og Jónsbók sem talin er hafa komið út 1280. Í þessum fornu lögum voru ítarleg fyrirmæli um framfærslu sekra manna og fátækra. Ákvörðun Jónsbókar var lítið breytt um aldir en sett var fátækrareglugerð á Íslandi árið 1834. Sú reglugerð var í megin atriðum sá grundvöllur sem framkvæmd fátækramála hvíldi á. Heildarlöggjöf um framfærslu fátækra var komið á með setningu nýrra laga, fátækralaga og sveitarstjórnarlaga, árið 1907 (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1997). Lagasetningin miðaðist við að stýra vinnuaflinu og nýta sér það eins og kostur var. Hreppa og löggjafarvald ásamt kirkjuvaldi hélt vörð um sína hagnun gagnvart þeim sem minna máttu sín og ekki síst gagnvart þeim sem taldir voru vera byrði á samfélaginu eins og ómagar og utangarðsfólk. Þessu fylgdi niðurlægjandi framkoma yfirvalds þar sem liðveisla var veitt með auðmýkjandi þakkarskuld. Eftir sat niðurlægjandi þakkarskuld þeirra sem þáðu en góðgjörðartilfinning þeirra sem veittu. Það var ekki fyrr en löngu seinna að siðferðislegar

hugsanir þegar kemur að hjálp og fagmennsku náðu til góðgerðarfólks og embættismanna hins opinbera (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1982).

Hægt er að rekja félagsráðgjöf sem fræðigrein til loka nítjándu aldar en þá var fyrsti unglingadómstóllinn stofnaður í Bandaríkjunum. Það voru félagsráðgjafar og umbótasinnar sem komu honum á laggirnar. Árið 1898 var fyrsta námskeiðið í félagsráðgjöf kennt en það var við Columbia háskólann í New York í Bandaríkjunum (Gumz, 2004). Í Hollandi var fyrsti félagsráðgjafarskólinn stofnaður árið 1899 með það markmið að þjálfa starfskrafta sem höfðu áhuga á að vinna innan sviða félagsráðgjafar. Í Bandaríkjunum hófst kennsla í félagsráðgjöf við háskólann í Chicago árið 1903 (Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Jóna Eggertsdóttir og Rannveig Gunnarsdóttir, 2008). Í raun átti félagsráðgjöf sér enga ákveðna kenningarlega undirstöðu fyrr en leið á 20. öldina. Þekking var sótt til annarra greina eins og siðfræði, lögfræði, heimspeki, læknisfræði, sálarfræði og félagsfræði. Á Norðurlöndum þróaðist hlutverk og tilgangur félagsráðgjafar á 20. öldinni samofið framvindu löggjafar á sviði almannatrygginga og félags-, áfengis- og barnaverndarmála. Í rúmlega 100 ára sögu greinarinnar hafa hinar ýmsu áherslur leikið aðalhlutverkið en á sama tíma hefur félagsráðgjöf sem fræðigrein þróað með sér fræðilegan grunn, sameiginleg hugtök, hugmyndafræði og markmið (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Margbreytileiki fagsins og fjölbreyttur starfsvettvangur er það sem heillar fólk mest þegar það kys að starfa sem félagsráðgjafi. Sérstaðan að samnýta margar kenningar og tileinka sér það besta úr hverri og einni fræðigrein er aðaleinkenni félagsráðgjafar sem fræðigreinar. Það sem felst í því í dag að vera félagsráðgjafi er að þekkja litróf lífsskeiðakenninga og mannlegrar hegðunar. Félagsráðgjafi þarf að kunna góð skil á félagslegum- og menningarlegum stofnunum og þekkja fjármálakerfið með heildarsýn á það hvernig þessar stofnanir vinna saman (Barker, 2003). Áriðandi er að leggja áherslu á tengsl milli kenninga og framkvæmda og það ásamt stefnumótun og rannsóknum er það sem félagsráðgjöf nútímans byggir á (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Saga félagsráðgjafar er samofin persónusögu frumkvöðla. Framlag þeirra, fórnarlund og hin pólitíska vitund er aðal mótunarferli stéttarinnar. Upphafsvirk þeirra mótuðu siðfræði greinarinnar og aðferðarfræði sem er notuð enn í dag. Í grein sinni Vísindi og Vald sem birtist í 1.tbl af tímariti félagsráðgjafa árið 2006 segir Sigrún Júlíusdóttir prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands það vera áriðandi í störfum og rannsóknum félagsráðgjafa að vera trúr upprunanum. Síðustu áratugi hafi mikil framþróun átt sér stað

innan greinarinnar og sé það ekki síst rannsóknarvinnu að þakka. Sú hræðsla sem fagfólk hafi borið í brjósti gagnvart rannsóknarvinnu, að skjólstæðingar sætu eftir yfirgefnir á kostnað rannsókna, hafi í engu staðist. Þessi þróun hafi aftur á móti orðið til þess að þeir sem þurfi í dag að leita til félagsráðgjafa fái heildsteyptari og betri úrlausn sinna mála. Í dag sé til skipulagt alþjóðastarf þar sem þróun viðmiða og gæðamat fari fram sem hafi áhrif á allt starf innan félagsráðgjafar. Þessa kunnáttu hafa fræðimenn greinarinnar tileinkað sér með samstarfi við hinar ýmsu faggreinar. Einnig með tengslum við rannsóknir fræðimanna og með því að starfa með starfsþjálfunarkennurum á vettvangi. Hræðsla við rannsóknir hafi aðalega tengst óvissu um viðmið fræða og rannsókna. Ekki sé óraunhæft að halda að þessi efi gagnvart rannsóknarvinnu í upphafi hafi átt stóran þátt í hversu vel tókst til. Í dag sé ekki spurt hvort rannsóknir eigi að vera hluti af störfum félagsráðgjafa heldur hvernig hægt sé að efla þær þannig að fagímynd verði sem best samþætt. Félagsráðgjöf sem fræðigreinin sé samspil margra annarra fræðigreina og ekki hægt að verða annaðhvort fagmaður eða fræðimaður. Í störfum félagsráðgjafa felist skuldbinding við samþætta reynslu. Þannig verði til ný þekking. Þessi þróun hafi leitt til þess að í dag er í vaxandi mæli beitt lausnamiðun og unnið út frá styrkleikum hvers og eins þegar unnið er með skjólstæðinga í stað þess að einblína á vandamál og hindranir (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

2 Frumkvöðlar í félagsráðgjöf

Hægt er að segja að helstu frumkvöðlar félagsráðgjafar í heiminum séu Jane Addams og Mary Richmond sem báðar eru fæddar í Bandaríkjunum. Ef við lítum til Íslands þá ber þar helst að nefna Ólafíu Jóhannsdóttur en saga hennar er samspil sögu íslenskra kvenna á seinnihluta nítjándu aldar fram á þá tuttugustu og Guðrúnu Jónsdóttur sem lærði félagsráðgjöf í Svíþjóð um miðja síðustu öld og er fyrsti útskrifaði félagsráðgjafinn á Íslandi.

2.1 Jane Addams

Jane Addams fæddist árið 1860 í Illinois fylki í Bandaríkjunum. Foreldrar hennar voru vel stæðir og af góðum ættum en faðir hennar var þingmaður á bandaríska þinginu. Hann var sagður vinur Abrahams Lincolns sem var forseti Bandaríkjanna á tímum þrælastríðsins. Móðir hennar dó þegar hún var þriggja ára og hændist hún mjög að föður sínum eftir það. Hún taldi sig alast upp við stranga réttssýni föður síns, sem hún lýsti sem andstæðingi óréttlætis og af honum hefði hún lært gott gildismat. Hún fékk góða menntun og var afburðanámsmaður. Faðir hennar hvatti hana til æðra náms sem var ekki algengt í þá daga. Hún lauk undirbúningsnámi fyrir háskóla og ætlaði í læknanám en hætti vegna heilsubreysts þannig að ekkert varð úr náminu (Kolbrún S. Ingólfssdóttir, 2009).

Rúmlega tvítug missir hún föður sinn og til að komast yfir fráfall hans fór hún með stjúp móður sinni í sína fyrstu ferð til Evrópu þar sem hún kynntist öðrum löndum, menningu og siðum. Aftur fór hún til Evrópu 1887 og þegar hún heimsótti England blasti örbirgð öreigastéttarinnar við henni. Í ömurlegustu strætunum sá hún athvörf fyrir þá sem voru verst settir en þeim var sinnt af félagasamtökum og hjálpsömum einstaklingum. Í London varð hún vitni að verkfalli verkakvenna og kynntist starfsemi Settlementshreyfingarinnar. Settlementshreyfingin var sjálfböðavinna en ólík öðru góðgerðarstarfi vegna þess að sjálfböðaliðarnir settust að í hverfum þeirra sem þurfu aðstoðar við. Jane varð fyrir miklum áhrifum af þessu hjálparstarfi (Addams, 1994).

Hún fylgdi fordæmi Toynbee-Hall sem var stofnað árið 1885 í East End í London sem miðstöð fyrir félagslegar umbætur með það markmið að bæta aðbúnað og líf heimamanna og setti á stofn Hull-hús árið 1889 og samtök hverfamiðstöðva árið 1894 í Chicago borg sem varð að blómlegum vettvangi félags- og líknastarfa um aldamótin 1900. Hugmyndafræðin á bak við miðstöðina, eins og hjá Toynbee Hall, var byggð á lýðræðishefð en ekki trúarlegu

starfi. Hull-húsið var stórt og stóð í miðju fátækrahverfi þar sem bágstaddir áttu athvarf. Þar fóru fram hápólítískar samkomur og kennsla í fræðunum og varð að samfélagi háskólanema aðalega kvenna með þann megintilgang að veita þeim félagslegt og námslegt tækifæri. Starfsemin fór fram eftir þörfum samfélagsins hverju sinni og byggðist á sjálfböðavinnu. Þó var það ólíkt öðru góðgerðarstarfi vegna þess að sjálfböðaliðar settust að í hverfum þeirra sem þörfuðust aðstoðar á sama hátt og starfsemi Settlementhreyfingarinnar var byggð á (Jane Addams).

Jane áleit að til að skilja þá sem minna mættu sín þyrfti nálægð að vera fyrir hendi. Hún hafði trú á að fræðsla hjálpaði fólki til að komast út úr fátækt og það væri áriðandi að kenna fólki að hjálpa sér sjálft. Hún kom af stað fræðslu fyrir innflytjendur, stofnaði leikskóla, setti í gang ódýra matsölu, stóð fyrir margskonar námskeiðum og laðaði til sín allskyns fræðimenn. Hún áleit þjóðfélagsgerð vera ástæðuna fyrir vandræðum fátæklinga. Hún leit á sig sem nemanda nágranna sinna og bar mikla virðingu fyrir fólki og gerði sér vel grein fyrir þeirri umhyggju sem samfélaginu er nauðsynleg til að það fái að vaxa og dafna. Hún var sískrifandi um þjóðmál og mikill friðarsinni. Hennar þekktasta bók „*Democracy and Social Ethics*“ er sígild. Hún vildi ekki kalla sig félagsráðgjafa heldur fyrst og fremst friðarsinna og góðan granna. Hún hefur samt sem áður haft mikil áhrif á félagsráðgjöf um allan heim vegna áherslu sinnar á lýðræði og siðfræði. Árið 1910 var hún fyrst kvenna gerð að heiðursdoktor við Yale háskólann en hún er einnig fyrsta konan til að hljóta friðarverðlaun Nóbels en það var árið 1931 (Jane Addams).

2.2 Mary Ellen Richmond

Mary Richmond fæddist í Illinois í Bandaríkjunum árið 1861. Hún missti foreldra sína ung og ólst upp hjá móðurömmu sinni og tveimur frænkum við kröpp kjör í róttæku umhverfi. Ekki er ólíklegt að það hafi orðið henni djúpstæð reynsla. Hún átti erfiða æsku en segist hafa lært að lesa af ömmu sinni og lesið allt sem hún komst yfir. Jane Addams fæddist ári áður í sama fylki. Þessar tvær konur eru oft nefndar á sama tíma þegar fjallað er um sögu félagsráðgjafar. Þeirra lífsferill er mjög ólíkur sem er líklega ástæða þess að þær höfðu ólíkar áherslur í sínu starfi (Agnew, 2004).

Mary fór snemma út á vinnumarkaðinn eða eftir aðeins sex ára skólagöngu og vann við hin ýmsu skrifstofustörf. Árið 1888 fékk hún vinnu sem gjaldkeri hjá stærstu góðgerðarstofnun Bandaríkjanna *Charity Organization Society* (COS). Þessi stofnun var

starfrækt í nokkrum borgum Bandaríkjanna til að þróa skipulagða starfsemi sem starfrækti þjónustu við fátæka, fatlaða, og þurfandi. Þessi samtök voru einnig til á sama tíma í Bretlandi. Góðgerðarstofnanir byggðust á sjálfböðavinnu kvenna ásamt því að styðjast við trúarlegan grunn og mannúðarsjónarmið (Agnew, 2004).

Mary fékk mikinn áhuga á því hvað sjálfböðaliðarnir voru að gera og fór sjálf í margar heimsóknir sem sjálfböðaliði. Hún fylgdist vel með starfinu og fór að benda á ýmislegt sem henni fannst að betur mætti fara. Hún vildi skipuleggja starf sjálfböðaliðanna á árangursríkari hátt. Hún vildi að þeir ynnu skipulega, gerðu mat á stöðunni, gerðu áætlanir um hvaða leiðir væru framkvæmanlegar og að árangur yrði metinn. Af þessum upplýsingum dró hún ályktanir og bjó til kenningar. Hún lagði áherslu á að skjólstæðingar ættu rétt á virðingu og að aðalatriðið væri þeirra þáttaka í að leysa sín mál. Hún hafði séð kosti þess að hitta fólk á heimavelli sem aðalega fólst í því að fólk var öruggara í sínu umhverfi og hægt var að lesa þarfir þeirra af ástandi heimilisins. Á heimavelli væri oft betra að ná góðum tengslum sem héldu lengur. Hún var brautryðjandi á margan hátt og klifraði hratt upp virðingarstiga samtakanna og varð framkvæmdarstjóri þeirra í Filadelfiu árið 1900 (Agnew, 2004).

Með þessu var tónninn gefinn varðandi þá hugmyndafræði og það vinnulag sem hún átti eftir að þróa. Hún kallaði vinnuna „Social Case Work“ sem margir telja upphaf félagsráðgjafar og er í dag grunnur að vinnu félagsráðgjafa. Sérstaðan við vinnuaðferðina er að tekið er fyrir eitt og eitt mál í einu og það leyst á sinn sérstaka hátt. Þeirri aðferð er beitt að aðstæður viðkomandi eru greindar út frá heildarsýn, það er horft á einstaklinginn en líka á umhverfið og hvernig þetta virkar sem best saman. Seinna varð þetta að hugtakinu „Social Work“. Mary er lýst sem miklum eldhuga, klókri konu sem var vel máli farin, áhugasamri og sjarmerandi. Hún barðist fyrir því að starfsgreinin yrði viðurkennd og skrifaði margar bækur sem hafa verið notaðar víðsvegar í heiminum. Hennar helsta bók er „*Social Diagnosis*“ sem hefur verið notuð í námi fyrir félagsráðgjafa víða um heim og kom út árið 1917. Hún lagði áherslu á tengsl milli félagsráðgjafa og skjólstæðinga. Hún er talin vera helsti höfundur grunnhugmynda í aðferðafræði félagsráðgjafar og er af mörgum talin aðalfrumkvöðull félagsráðgjafar í heiminum. Hún hlaut heiðursgráðu við Smith College sem er kvenháskóli í Massachusset í Bandaríkjunum árið 1921 fyrir að hafa komið á fót vísindagrundvelli nýrrar starfsgreinar. Hennar megin áhersla var á tengsl milli félagsráðgjafans og skjólstæðingsins (Agnew, 2004).

2.3 Ólafía Jóhannsdóttir

Frumkvöðull í sögu félagsráðgjafar á Íslandi er Ólafía Jóhannsdóttir sem var fædd í Reykjavík árið 1863. Hún var prestdóttir en vegna áfengisvanda föður hennar var henni komið sem kornabarni í fóstur. Fyrst til hjóna í Viðey en seinna til móðursystur sinnar Þorbjargar Sveinsdóttur sem var ljósmóðir og mikil hugsjónamanneskja og þjóðkunn baráttukona fyrir réttindum kvenna. Ólafía var ein af fyrstu konunum sem byrjuðu í Kvennaskólanum, en lauk ekki námi en fór í nám til Danmerkur árið 1892. Eftir að hún kom heim sumarið 1894 hóf hún að berjast fyrir stofnun Háskóla Íslands, bættum réttindum kvenna og ekki síst fyrir Góðtemplararegluna. Hún var ein af þeim sem stofnuðu Hvítabandið á Íslandi. Það var félagsskapur kvenna sem var stofnaður í Bandaríkjunum um 1874 til að berjast gegn áfengisböli og til að vinna að ýmsum líknarstörfum á kristilegum grundvelli. Ólafía ferðaðist víða og hélt ræður og erindi um mál varðandi bindindi, föðurlandsást og seinna um kærleika Guðs. Hún heimsótti sjúka, vann að aðhlyningu drykkjumanna og flutti trúmálaerindi. Hún var talin hrífandi mælskukona með mikinn sannfæringarkraft (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 2006).

Ólafía fluttist til Noregs í byrjun 20. aldarinna eftir að fóstura hennar dó. Hún skírðist til baptista trúar haustið 1913 og helgaði sig trúnni. Hún losaði sig við allan íburð og veraldleg gæði til að allir gætu notið með henni þess sem hún hefði upp á að bjóða. Hún stofnað heimili í Osló fyrir afvegaleiddar stúlkur en átti sjálf við mikinn heilsubrest að stríða. Eftir að hún missti heilsuna gat hún ekki lengur veitt heimilinu forstöðu. Þegar hún komst til heilsu á ný skrifaði hún bókina „*De ulykkeligste*“ eða Aumastir allra sem var gefin út á íslensku árið 1923. Í bókinni eru sterkar lýsingar á starfi hennar með bágstöddum en hún bjó á meðal þeirra og veitti þeim aðstoð. Hún vann brautryðjendastarf með vegalausum konum, vændiskonum og konum sem höfðu sýkst af kynsjúkdómum. Ólafía var ókvænt og barnlaus (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 2006).

2.4 Guðrún Jónsdóttir

Annar af frumkvöðlum íslenskrar félagsráðgjafar er Guðrún Jónsdóttir doktor í félagsráðgjöf. Hún fæddist í Vík í Mýrdal 16. júní 1931. Hún er fyrsti Íslendingurinn sem lýkur prófi í félagsráðgjöf en það gerði hún árið 1957 frá Socialinstituttet í Gautaborg. Hún hefur viðamikla starfsreynslu á starfsvettvangi félagsráðgjafar og varð fyrsti kennslustjórinn í félagsráðgjöf við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands árið 1981. Hún var einn af stofnendum Stéttarfélags

Íslenskra félagsráðgjafa sem var stofnað 19. febrúar 1964. Guðrún lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Sheffield í Bretlandi árið 1992. Doktorsritgerð Guðrúnar heitir „*Surviving incest*“ og er byggð á eigindlegum viðtölum við íslenskar og breskar konur sem höfðu verið misnotaðar kynferðislega (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

Guðrún er einn af frumkvöðlum Samtaka um kvennaframboð sem voru stofnuð á Hótel Borg þann 31. janúar árið 1982. Kvennaframboðið er forveri Kvennalistans sem var stofnaður sem stjórnamálaflokkur árið 1983. Hann ásamt Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi sameinuðust í Samfylkinguna árið 1998. Guðrún sat sem borgarfulltrúi fyrir Kvennaframboðið í borgarstjórn Reykjavíkur eitt kjörtímabil frá 1982 en framboðið fékk tvo fulltrúa kjörna. Árið 1990 tók Guðrún þátt í að stofna Stígamót sem eru óformleg grasrótarsamtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi. Markmið samtakanna er að aðstoða þá sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og koma í veg fyrir slíkt ofbeldi. Guðrún hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2007 fyrir frumherjastörf í félagsráðgjöf og fyrir framlag til réttindabaráttu. Guðrún eignaðist eina dóttur, Ragnheiði sem er lögfræðingur fædd 1954. Maki Guðrúnar er Ólafur Thorlacius lyfjafræðingur (Ása F. Þorgeirsdóttir ofl., 2008; Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

3 Saga og þróun félagsráðgjafar á Íslandi.

Fátækraframtæksla sem tíðkaðist á Íslandi fyrr á öldum er eitt elsta fyrirkomulag sem vitað er um á opinberri hjálpi. Þar var um að ræða aðstoð til þeirra íbúa þjóðfélagsins sem ekki gátu séð sér farboða. Þetta skapaði Íslandi nokkra sérstöðu á meðal vestrænna landa þegar kom að því að styðja þá sem minna máttu sín. Heildarlöggjöf um framfærslu fátækra var komið á með setningu fátækralaga og sveitarstjórnarlaga árið 1907. Í kringum 1930 fóru að heyrast raddir um að Ísland hefði dregist aftur úr öðrum þjóðum þegar kæmi að réttindum alþýðunnar. Lög voru sett um alþýðutryggingar 1936 sem þóttu mikið framfara spor. Var með þeim boðið upp á nokkuð fábreyttar tryggingar í elli og örorkumálum. Á sama tíma var Tryggingastofnun ríkisins stofnuð með það meginhlutverk að sjá til þess að allir nytu lágmarksframfærslu. Með tilkomu hennar varð byltingarkennd breyting í velferðarmálum á Íslandi. Lög um almannatryggingar voru sett árið 1947 en þau tóku við af lögunum um alþýðutryggingar og voru víðtækari (Stefán Ólafsson, 1999).

Með þessum lagasetningum öðluðust allir íslenskir ríkisborgarar rétt til almannatrygginga. Þróun tryggingarlöggjafar dró úr skyldum sveitarfélaga á framfærsluviði. Það var um 1960 sem félagsleg þjónusta var orðin nokkuð fastmótuð á Íslandi. Hún var mótuð af framfærslu- og tryggingarlöggjöf undangenginna áratuga. Árin þar á eftir fór fram mikil umræða í borgarstjórn Reykjavíkur um nauðsyn þess að endurskipuleggja félagslega þjónustu. Árið 1966 var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur að koma á námi í félagsráðgjöf. Í framhaldi af þeirri ákvörðun auglýsti borgin styrki fyrir þá sem höfðu áhuga á að fara til útlanda að mennta sig í félagsráðgjöf og vildu skuldbinda sig til að vinna fyrir borgina næstu þrjú ár á eftir. Doktor Sigurjón Björnsson sem sat í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir Alþýðubandalagið og Björn Björnsson guðfræðingur sem sat í borgarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn náðu saman um að það yrði að búa til félagsmálastofun sem sameinaði og samræmdi alla félagsþjónustu á vegum borgarinnar í eina stofnun. Þeir stóðu fyrir því að hún var sett á laggirnar um 1970. Þessir tveir unnu að því að störf voru mönnum og smám saman týndist fagfólk inn (Stefán Ólafsson, 1999; Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

Ísland var fyrst Norðurlandanna til að lögvernda starfsheiti félagsráðgjafa árið 1975. Mjög fjölbreytt starfssvið einkennir fagið. Starfsvettvangur félagsráðgjafa er víðfemur en flestir starfa við ýmsar stofnanir í samfélaginu einkum á félags- og heilbrigðisþjónustusviði, í skólakerfinu eða í réttarkerfinu. Félagsráðgjafar starfa líka við ráðgjöf eða

starfsmannastjórnun hjá fyrirtækjum og reka eigin ráðgjafarstofur. Námið býr nemendur undir fjölbreytt störf en í námi þróa þeir með sér vitneskju um stefnur varðandi félagsmál, heilsu og menntun og þurfa að geta unnið með lög og reglur sem tengjast skjólstæðingum félagsráðgjafa. Sérstök áhersla er lögð á íslenska velferðarkerfið og þau lög sem félagsráðgjafar vinna mest með eins og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, barna- barningar- erfða- og hegningarlög (Anna S. Jónsdóttir o.fl, 2008). Árið 2002 gerði Kristín Ólafsdóttir símakönnun á meðal nemenda sem höfðu útskrifast sem félagsráðgjafar frá Háskóla Íslands og spurði meðal annars hvort þeim finndist námið í félagsráðgjöf hafa verið góður undirbúningur fyrir starf á vettvangi. Flestum fannst starfsnámið á fjórða ári hafa komið mest að notum þegar út á vettvang var komið en líka vinnulag og viðtalstækni. Langflestum sem svöruðu könnuninni fannst að heildarsýn væri áberandi sérþekking sem félagsráðgjafar byggju yfir miðað við aðrar fagstéttir (Kristín Ólafsdóttir, 2002).

Í nútíma samfélagi er hlutverk félagsráðgjafa að aðstoða fjölskyldur og einstaklinga við að leysa hin ýmsu vandamál sem upp koma á lífsleiðinni. Þeir kynna sér aðstæður skjólstæðinga sinna og beita faglegri þekkingu til að geta veitt viðeigandi ráðgjöf, stuðning og meðferð. Félagsráðgjafar þurfa að kunna skil á lögum og reglum sem snúa að réttindum fólks og veita upplýsingar um þau réttindi. Tryggja að samfélagið mæti þeim sem þurfa á aðstoð að halda á mannsæmandi hátt. Þetta þurfa félagsráðgjafar að gera með heildarsýn að leiðarljósi. Þannig leggja þeir grunn að samskiptum við stofnanir og einstaklinga sem tengjast málum skjólstæðinganna. Til að vera færir um þetta þurfa þeir að nota þær fræðilegu kenningar sem þeir tileinka sér í námi og reynslu af vettvangi (Anna S. Jónsdóttir o.fl., 1982). Sigrún Júlíusdóttir (2006) segir að í dag séu rannsóknir mikilvægur og nauðsynlegur þáttur í félagsráðgjöf til að þróa nýjar og nýtanlegar vinnuaðferðir og til að varpa ljósi á aðstæður. Félagsráðgjafar þurfi líka að vera talsmenn og breytingaáilar, þeir verði að fást við að móta og skapa ný félagsleg úrræði.

4 Þróun kennslu í félagsráðgjöf í heiminum

Framan af á 20. öld sótti félagsráðgjöf þekkingu til hinna ýmsu greina svo sem félagsfræði, heimspeki, læknisfræði, sálfræði, siðfræði og lögfræði. Með útkomu bókar Mary Richmond árið 1917 „*Social Diagnosis*” varð breyting á kenningarlegri undirstöðu félagsráðgjafar en hún er talin hafa lagt félagslegan grundvöll að hinni viðurkenndu starfsaðferð félagsráðgjafa „*casework*”. Hægt er að segja að bók Richmond hafi verið fyrsta skrefið í að gera félagsráðgjöf að sérfræðigreini (Ása Fanney Þorgeirsdóttir ofl., 2008). Þegar fór að líða á 20. öldina voru stofnaðir sérstakir skólar og deildir innan háskóla viðkomandi landa þar sem fólk sem vildi starfa í greininni gat sótt sér menntun. Þessa þróun má rekja til Bandaríkjanna og Hollands en þar voru fyrstu félagsráðgjafaskólarnir stofnaðir. Í kjölfarið fylgdu lönd eins og Bretland og Þýskaland (International Encyclopedia of the Social Sciences, 1968).

Uppbygging og skipulag náms er mismunandi eftir löndum og er um nokkrar gerðir af félagsráðgjafarskólum að ræða. Til að bera þá saman er hægt að skoða hvort þeir séu ríkisskólar eða reknir af einkaaðilum og hvar þeir eru staddir innan menntakerfisins. Í Bandaríkjunum og Kanada er boðið upp á framhaldsnám sem tengist félagsráðgjafarmenntun. Í Bretlandi er verknám hluti af námskrá félagsvísindadeilda háskóla landsins á meðan í Evrópu eru sérstakar stofnanir sem sjá um verknám. Í Suður-Ameríku, Afríku, Asíu og Mið-Austurlöndum hefur verið markvisst félagsráðgjafarnám síðan um 1950 þar sem einka- og kirkjuskólar hafa sameinast menntakerfi landanna (International Encyclopedia of the Social Sciences, 1968). Félagsráðgjafarskólar og félagsráðgjafarkennarar stofnuðu samtökin *The International Association of Schools of Social Work* (IASSW) árið 1928. Með því voru settir fram staðlar um menntun í félagsráðgjöf og unnið að þróun félagsráðgjafarmenntunar í heiminum (IASSW AIETS, 2012).

Andrejs Rauhvarges (2010) segir að síðustu 50 ár hafi þróun kennslu í félagsráðgjöf verið á þá vegu að evrópskir háskólar hafi orðið á eftir þeim bandarísku í viðmiðum þegar um menntun og rannsóknarvirkni væri að ræða. Ástæða hafi þótt til að snúa þessari þróun við og hafi Bologna áætlunin verið notuð til að stuðla að því að hækka menntunarviðmið evrópskra háskóla. Upphaf Bologna áætlunarinnar megi rekja til þess að árið 1988 komu háskólarektorar ýmissa Evrópulanda saman til að fagna 900 ára afmæli háskólans í Bologna á Ítalíu. Í kjölfarið hafi þau markmið verið sett að samræma skyldi uppbyggingu háskóla í Evrópu. Árið 1999 hafi menntamálaráðherrar 29 landa ákveðið að nemendur í háskólum

Evrópu gætu farið á milli landanna og notið sömu viðmiða þegar kæmi að námsgráðum og námseiningum. Með því yrði einn námsstaðall í Evrópu þar sem háskólanám fæli í sér þrjú stig. Bakkalárgráðu (BA), meistaragráðu (MA) og doktorsgráðu (PhD). Líklega hafi ástæðan fyrir því að hægt hafi verið að sannfæra öll þessi lönd um að samþykkja samhæfinguna verið sú að engum hafi verið ógnað og breytingin bara verið til góðs fyrir skólasamfélagið.

4.1 Norðurlönd

Árið 1921 var fyrsti félagsráðgjafarskólinn á Norðurlöndunum stofnaður í Svíþjóð. 14 árum seinna var annar skóli stofnaður í Danmörku og árið 1950 í Noregi. Áður en nám í félagsráðgjöf var tekið upp á Íslandi sóttu Íslendingar þessa skóla. Í dag er nám í þessum löndum byggt þannig upp að í Danmörku og Noregi tekur það fjögur ár eða minna að læra til félagsráðgjafa og byggist kennsla mikið til á verklegu námi. Fastráðnir kennarar skólanna eru flestir með vettvangsreynslu en stundakennarar eru fengnir úr öðrum félagsvísindagreinum. Kennsla í þessum löndum er eftir svokölluðu sérhæfðu vettvangslíkani (e. the specialized field model). Annað kennslulíkan er blandað rannsóknarlíkan (e. the integrated research model). Eftir því er kennslu á Íslandi, Finnlandi og Svíþjóð háttað. Það er fræðilegra en vettvangslíkanið. Í fræðilegra náminu er lengd náms í samræmi við viðmið háskóla í Evrópu. Nemendur útskrifast annað hvort með BA- eða meistaragráðu. Kennarar eru sérfræðingar í ákveðnum greinum sem og rannsakendur. Þeir eru frekar ráðnir vegna háskólamenntunar en reynslu sem félagsráðgjafar á vettvangi (Júlíusdóttir og Peterson, 2003).

Helsti munur á þessum tveimur líkönum er að vettvangslíkanið snýst um að mennta félagsráðgjafa með verklegu námi en nám byggt á rannsóknarlíkani byggir á rannsóknartengdu námi. Það kemur fram í grein Sigrúnar Júlíusdóttir og Jan Petersson *Common Social Work Education Standards in the Nordic Countries - Opening an Issue* frá árinu 2003 að líklegt sé að þennan mun á kennslu í löndunum megi rekja til mismunandi sögulegs bakgrunns landanna. Þau benda á að Noregur og Danmörk séu smám saman að færa sína kennslu yfir á blandaða rannsóknarlíkanið. Ástæðuna megi líklega rekja til Bologna áætlunarinnar en hún hafi haft talsverð áhrif á félagsráðgjafarnám í Evrópu (Júlíusdóttir og Peterson, 2003).

4.2 Ísland

Eins og áður er sagt sóttu íslenskir námsmenn til Norðurlandanna til að afla sér menntunar í félagsráðgjöf og komu til starfa á Íslandi um 1960. Árið 1964 var stofnað Stéttarfélag

Íslenskra félagsráðgjafa. Mikil og kröftug umræða um félagsvísindi og uppbyggingu þeirra innan Háskóla Íslands leiddi af sér að ákveðið var að reyna að koma á fót kennslu í félagsráðgjöf. Guðrún Jónsdóttir einn af stofnendum Stéttafélags félagsráðgjafa segir að félagið hafi ekki verið sátt við hvernig uppbyggingin á náminu átti að vera. Félagið vildi að komið yrði á fót réttindanámi, en ekki eingöngu fræðilegu námi eins og boðið var upp á í félags- sál- og uppeldisfræði heldur að úr yrði starfsnám. Félaginu fannst ekki raunhæft að bjóða upp á nám í félagsráðgjöf vegna þess að ekki yrði hægt að manna kennsluna með hæfum kennslukröftum og starfsþjálfunarkennurum. En úr varð að yfirmenn Félagsvísindasviðs buðu upp á að hægt yrði að sérhæfa sig í félagsráðgjöf að loknu þriggja ára nám í félagslegu fræðunum. Nemendur myndu bæta við sig einu ári sem væri einungis félagsráðgjöf og útskrifast sem félagsráðgjafar eftir fjögurra ára nám. Fulltrúar félagsins sættust á þetta og haustið 1978 gátu nemendur í fyrsta sinn skráð sig í nám samkvæmt Kennsluskra háskólans sem miðaði að öflun starfsréttinda á sviði félagsráðgjafar. Til að byrja með var einungis eitt námskeið í boði í félagsráðgjöf og voru stundakennarar Guðrún Jónsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir félagsráðgjafar og Sigríður Jónsdóttir félagsfræðingur. Árið 1982 var Guðrún Jónsdóttir ráðin sem kennslustjóri félagsráðgjafarnámsins. Í starfinu fólst kennsluskylda, öll skipulagning og allt það sem skipti máli fyrir námið. Það ár voru fyrstu nemendur í félagsráðgjöf útskrifaðir. Árið 1991 var síðan fyrsti lektorinn í félagsráðgjöf ráðinn. Það var Sigrún Júlíusdóttir sem í dag er prófessor við deildina. Árið 1991 var ráðinn verkefnastjóri og 1999 bættist við önnur lektorsstaða (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012; Anna S. Jónsdóttir o.fl., 2008).

Félagsráðgjöf varð að aðalkennslugrein við Háskóla Íslands árið 2000 og fjórum árum seinna að skori innan Félagsvísindadeildar. Eftir að náminu hafði verið breytt útskrifaðist fyrsti hópur félagsráðgjafa árið 2008. Það ár var í fyrsta sinn boðið upp á meistaranám til starfsréttinda. Breytingar á náminu voru í samræmi við Bologna áætlunina um að samræma og auka menntunarstaðla á milli Evrópulanda (Anna S. Jónsdóttir ofl. , 1982; Sigrún Júlíusdóttir og Jan Peterson, 2004). Lög voru sett á Alþingi árið 1990 þar sem þeir einir geta kallað sig félagsráðgjafa sem hafa leyfi frá Landlækni (lög um félagsráðgjöf nr. 95/1990). Sigrún Júlíusdóttir (2006) segir að löggilding starfsheitisins Félagsráðgjafi eigi að tryggja langtíma skuldbindingu og hollustu við þau réttindi sem námið veitir. Að best sé að kennarar og sérfræðingar í hverri grein sjái um námsþætti en efni annarsstaðar frá opni fyrir annarri

sýn á málin og útvíkki sjóndeildarhringinn. En mest áriðandi sé að samsvara sig við eigin þekkingararf.

5 Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi

Til að hægt sé að setja lífshlaup Guðrúnar Jónsdóttur í samhengi við tíðaranda 20. aldarinnar er áhugavert að skoða að árið 1911, 20 árum áður en Guðrún fæðist í Vík í Mýrdal eru samþykkt á Alþingi lög um menntun kvenna og rétt þeirra til embætta. Með þessum lögum fengu konur fullan rétt til að mennta sig og gegna embættum í stjórnslu Íslands. Sex árum seinna var Kristín Ólafsdóttir fyrst kvenna til að ljúka prófi frá Háskóla Íslands en hún lauk embættisprófi í læknisfræði. Þegar Guðrún er 21 árs er fyrsta konan ráðin kennari við Háskóla Íslands en það var Ragnheiður Guðmundsdóttir lækni. Hún kenndi lífeðlisfræði við Tannlæknadeild skólans (Kvennasögusafn, e.d.).

5.1 Lífshlaup Guðrúnar

Guðrún er fædd í Vík í Mýrdal árið 1931 í mikilli fátækt. Faðir hennar var Jón Pálsson og móðir hennar Jónína Magnúsdóttir. Guðrún er elst fjögurra systkina en yngsti bróðir hennar lést nokkra vikna. En gefum Guðrúnu orðið:

Pabbi var mikið í burtu á veturnar þegar ég var að alast upp. Þá var mikið atvinnuleysi og hann var í snöpum við að fá vinnu og þetta var allt mjög knappt hjá okkur. Hann fékk aldrei útborgað, allt var skrifað hjá okkur í versluninni. Hann lagði þar inn sína vinnu og síðan var tekið út það sem lagt var inn. Það voru aldrei peningar í umferð. Þegar ég flutti til Reykjavíkur 14 ára gömul hafði ég aldrei séð peningaseðil. Ef það var vinna þá var hægt að taka út í versluninni, annars ekki. Föt voru unnin upp úr gömlum fötum og ég man að fyrsta kápan sem ég fékk var gerð úr Bretateppi. Þetta var gegnumsneitt í landinu á þessum tíma. Allt alþýðufólk bjó við þessi kjör. Foreldrar mínir höfðu sjálf litla menntun en þau lásu mikið. Þau töluðu mikið um að þau óskuðu þess að hafa getað menntað sig. Árið 1945 fannst foreldrum mínum sjálfgefið að flytja í bæinn og reyna að gera okkur systkinunum kleift að læra ef við vildum. Þegar þarna var komið var stríðinu lokið, komin nóg vinna og margt hafði breyst til hins betra. Þegar við komum í bæinn tóku mamma og pabbi þá ákvörðun að Kvinnó, Kvinnaskólinn myndi henta mér best. Þar var kennd mikil handavinna og matreiðsla en ekki mikið bóklegt nám. Þar var mjög mikill agi, við máttum ekki vera í síðbuxum og það var brottrekstrarsök að fara út af skólalóðinni í frímínútum. Við stóðum við hliðið og fórum ekki út af lóðinni í löngu frímínútunum. Fórum ekki þótt

það væri ekki læst svo hlýðnar vorum við. Í skólanum var okkur kenndar kvennlegar dygðir. Meðal annars var okkur kennt að opna og loka gluggum.

Þegar leið á skólagönguna fékk ég löngun til að taka stúdentspróf. Tvær aðrar stúlkur sem voru með mér í skólanum höfðu líka áhuga á því. Við töluðum okkur saman um að reyna þetta, við þyrftum að taka landspróf til að komast upp í menntaskóla en Kvennaskólinn var ekki miðaður við að taka stúdentspróf. Við töluðum við fröken Ragnheiði Jónsdóttur sem var skólustýra Kvennaskólans. Við vorum engir afburðanemendur en stóðum okkur ágætlega. Sú gamla kveikti strax á þessu og studdi okkur með ráðum og dáðum til að taka landspróf svo við kæmumst inn í menntaskóla. Skólinn kostaði aukatíma fyrir okkur því við þyrftum að bæta við okkur bóklegu námi til að geta tekið landsprófið. Við vorum tilraunadýr því fröken Ragnheiður vildi koma landsprófi inn í Kvennó. Við tókum landsprófið í Gaggó Vest, það var fyrir okkur eins og að koma inn í ljónagryfju. Við vorum eins og geimverur í samanburði við þá nemendur sem voru í Gaggó Vest, við vorum svo siðavandar. Við héldum saman þessar þrjár og skriðum í gegnum landspróf. Mér fannst stúdentspróf vera lykillin að því að komast til útlanda, mig langaði til útlanda. Ég vildi ekki verða skrifstofustúlka, ég vildi ekki verða kennari. Ég veit ekki hvaðan hugmyndin spratt, hún var þarna einhversstaðar. Mamma og pabbi gerðu allt til að hjálpa mér að taka stúdentspróf. Ég bjó hjá þeim og hafði fæði og húsaskjól. Foreldrar mínir voru hvetjandi en ég þyrfti að ná mér í aura til að kaupa bækur og hafa vasapening. Ég skúraði, þetta gekk alveg, ég hef aldrei þyrft mikið. Þegar ég kom í menntaskólann í Reykjavík var ég í stelpubekk, við vorum í máladeild. Það var slæðingur af stelpum sem fór í stærðfræðideild en þetta var stór árgangur. Fyrsti stóri árgangurinn í skólanum um 100 manns. Ég var þarna strax ákveðin í að fara í framhaldsnám og komast til útlanda (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

5.2 Af hverju valdi hún nám í félagsráðgjöf?

Það var ekki algengt á þessum árum að konur færu í háskólanám og þá alls ekki að þær færu til náms í öðrum löndum. Háskóli Íslands var eini skólinn á landinu sem bauð upp á framhaldsmenntun eftir stúdentspróf en þar var eingöngu hægt að læra lækisfræði, lögfræði eða guðfræði. Guðrún hafði áhuga á að læra sálfræði og bar sig eftir því að komast utan til náms:

Þegar ég útskrifast úr Menntaskólanum í Reykjavík árið 1953 þá voru það bara ég og Auður Þorbergs sem síðar varð lögfræðingur sem héldum áfram í námi. Við vorum þær einu sem fóru beint áfram. Það voru ekki margar konur í háskólanámi. Það var dálítill stabbi af stelpum með stúdentstpróf en þá var vaninn að þær færu bara að vinna á skrifstofu eða trúlofuðust og færu að búa. Margar fóru í nám seinna og margar fengu sér kennararéttindi. Það var ekki mikið um að þær færu í langskólanám á þessum árum. Ég vissi bara að mig langaði að komast til útlanda. Þetta var ekki mjög meðvitað þegar ég fór í stúdentinn en svo kom það. Þegar við vorum í 6. bekk í menntaskólanum fer að koma að því að velja eitthvað framhaldsskólanám. Mig langaði ekki í neitt hérna í háskólanum. Það var bara um lögfræði, lækisfræði og guðfræði að ræða og ég hafði engan áhuga á að læra það.

Um veturinn þegar ég var í 6. bekk var Dr. Matthías Jónasson prófessor í uppeldisfræðum við Háskóla Íslands með þætti í ríkisútvarpinu. Hann var þá nýkominn til landsins frá Þýskalandi þar sem hann nam uppeldisfræði. Ég hlustaði á kallinn. Í erindum hans var hann að tala um að hægt væri að hjálpa fólki sem ætti við erfiðleika að stríða. Það þyrfti að tala við það. Þetta voru hrærandi sögur um fátækt fólk. Þetta greip mig, eitthvað svona myndi ég vilja gera. Þetta kom algerlega úr lausu lofti, þetta var ekkert raunhæft, bara sýn. Ég hlustaði agndofa á erindin, en hvernig ætti maður að bera sig að? Þá var Valborg Sigurðardóttir skólastýra Fósturskólans. Hún hafði lært í Bandaríkjunum og mér datt í hug að hún gæti hjálpað mér. Á þessum tíma var ég svo feimin, það hálfra væri nóg og svo óframfærin að það var með ólíkindum. Ég þrammaði þó upp í prófessorbústaðina við Aragötu þar sem Valborg bjó, en hún var gift Ármanni Svævarr lagaprófessor. Ég næ af henni tali. Spyr hana hvort hún geti leiðbeint mér hvernig ég ætti að bera mig að við að læra sálfræði. Það var það sem ég hafði ákveðið að læra. Já, hún segir að það sé hægt að gera þetta en það taki mörg ár. Hún talaði af mikilli skynsemi við mig. Spurði hvort fólkið mitt gæti kostað mig, sem ég vissi að þau gætu ekki, ég yrði að bjarga því sjálf. Hún segir mér þá að til sé nám í „social work“. Þetta sé nýtt nám sem hún hafði kynnst í Bandaríkjunum. Það fælist í að hjálpa fólki að leita réttar síns og aðstoða það eftir því sem hægt væri. Það tæki svona þrjú til þrjú og hálf ár. Hvort það myndi ekki henta mér betur miðað við minn efnahag. Hún sagði mér að svona nám sé komið á Norðurlöndum, hún vilji hjálpa mér og skrifar bréf og sendir það til Svíþjóðar.

Þarna um sumarið þurfti ég að verða mér út um peninga ef ég ætlaði í framhaldsnám. Ég réð mig á síldarbát sem kokkur. Þarna á síldinni kynnist ég strák og verð ólétt. Valborg fékk svar við bréfinu og til að komast inn í skólann þurfti ég að hafa starfsreynslu þar sem ég hefði unnið með fólki. Valborg sagði að hún hefði akkúrat starf fyrir mig þar sem ég fengi þessa þjálfun. Einn nemandi hennar væri forstöðukona Baronsborgar sem var dagheimili. Það varð úr að ég fór þangað. Þetta var frábær kostur. Þarna fengi ég reynslu og laun því ég var staðráðin í að láta það ekki stoppa mig að vera barnshafandi og ég fékk inngöngu í skólann.

Ég eignaðist dóttur í ágúst 1954. Foreldrar mínir tóku stúlkuna þessa vetur meðan ég var úti í náminu. Ég var svo tilfinningalega dofin við það að skilja hana eftir. Það var svo erfitt að skilja hana eftir en ég var bara svo ákveðin í að ekkert myndi stöðva mig. Ég áttaði mig ekki þá en áttaði mig seinna hvað þetta var tilfinningalega erfitt. Á þessum árum var hryllilegur áfellisdómur að eignast barn í lausaleik. Ömmusystir mín og maðurinn hennar, miklir góðborgararar voru mjög umhyggjusöm gagnvart fjölskyldunni minni. Þegar það kom í ljós að ég var ólétt sögðu þau hjónin, örugglega búin að ræða þetta sín á milli, að með þessu gæti ég sýnt tilvonandi manni mínum að ég gæti átt börn. Þetta var að sjá hlutina í jákvæðu ljósi (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

5.3 Árin í Svíþjóð

Í Svíþjóð var á þessum tíma farið að kenna félagsráðgjöf á nokkrum stöðum í landinu. Skólinn sem Guðrún fór í var í Gautaborg. Námið tók þrjú og hálf ár og var líka kennt á sumrin en þá fór fram starfsnám. Hún segir:

Þegar ég kom til Svíþjóðar kunnist ég ekki sænsku. Ein af stelpunum sem var með mér í stúdentsprófinu fór með mér út. Hún fór að vinna í verksmiðju og við leigðum saman fyrsta veturinn. Skólinn sem ég fór í var í Gautaborg en það var líka byrjað að kenna félagsráðgjöf í Stokkhólmi og Lundi. Skólinn var í gömlu húsi. Námið byggðist þannig upp að það tók þrjú og hálf ár að læra félagsráðgjöf. Á veturna var bóklegt nám en á sumrin verklegt. Við vorum um 90 í deildinni en sérstakt svið var fyrir þá sem lærðu til sveitarstjóra. Bóklega námið byggðist á umræðutímum svona „*case work*“ tímum og fræðilegu efni. Peningarnir sem ég hafði nurlaði saman nægðu

mér. Þá var heimilt að flytja peninga á milli á þriggja mánaða fresti. Það var ekkert mál að lifa spart. Það er ekki gaman að vera fátækur en allir hafa gott af því að velta fyrir sér hverri krónu. Á sumrin gat ég farið heim og þá fékk ég vinnu hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það var ómetanlegt. Ég vann öll jól og sumur hjá Tryggingastofnuninni nema fyrstu jólin. Þá hafði ég ekki ráð á að fara heim. Þegar maður var búinn að ljúka fyrsta ári í náminu og gat sýnt fram á að hafa lokið því þá fékk maður styrk frá ríkinu. Síðasta árið voru komin einhver lán.

Mér fannst námið gefandi. Frænkurnar og fjölskyldan heima fylgdist vel með mér. Á þessum árum var ekkert til hér á landi. Þegar vörur komu þá voru halarófu biðraðir. Ég fékk svoleiðis innkaupalistana og fólk var búíð að nurla saman gjaldeyri. Ég fékk send bréf með peningum, fóðruð með kalkipappír. Á meðan ég var í náminu í Gautaborg reyndist frænka mín mér haukur í horni. Maðurinn hennar var þarna í arkitektanámi en hún var í listfræði. Hjá þeim fengum við góðan mat (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

5.4 Fyrsti félagsráðgjafinn á Íslandi

Þegar Guðrún kemur heim til Íslands árið 1957, tuttugu og sex ára gömul, nýútskrifaður félagsráðgjafi var íbúafjöldi landsins í kringum 150 þúsund og íbúar Reykjavíkur um 60 þúsund. Um fyrstu skrefin hér segir hún:

Það var mikið að gera í Svíþjóð í þessu fagi en ég var ekkert að velta því fyrir mér, ég vildi bara koma heim. Helgi Tómasson yfirlæknir á Kleppi vildi ráða mig sem félagsráðgjafa í hjúkrunarfræðingsstöðu. Átti ég þá sem félagsráðgjafi að fá kaup samkvæmt samningi hjúkrunarfræðinga. Þetta vildi ég ekki. Af hverju væri ég búin að leggja þetta allt á mig og ekki uppskera það sem mér bar. Ég var ákveðin og einþykk. Ég var áður búin að vinna við geðverndarmál á sjúkrahúsi og fannst það ekki áhugavert. Ég talaði við þá hjá Reykjavíkurborg og þeir réðu mig.

Ég var komin með vinnu sem félagsráðgjafi. Þetta var árið 1957. Ég fatta eiginlega ekki eftir á hvernig þetta gekk. Ég var ekki með neitt starfsheiti. Það var ekki búíð að finna þá nafn yfir félagsráðgjafa. Þegar ég var að böglast við að segja fólki frá því sem ég hafði lært þá þurfti ég að halda ræðu til að koma fólki í skilning um hvað þetta væri. Það var ekki eins og ég og aðrir vissu til hvers væri ætlast til af mér. Ég var

ráðin til barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Þá var sama fyrirkomulag og nú er, pólitískt skipað í barnavernd, gott og guðhrætt fólk. Hjá barnaverndinni starfaði framkvæmdarstjóri og hjúkrunarfræðingur. Hún var að hætta vegna aldurs, ég átti að taka við af henni. Hún hætti í október en ég byrjaði um vorið. Þá var nýbúið að byggja Heilsuverndarhúsið við Baronstíg. Það gekk mænuveiki um bæinn og það þurfti að bólusetja alla borgarana. Þangað til ég tók við af hjúkrunarkonunni vann ég við að skrá upplýsingar um fólk og fékk borgað eins og um félagsráðgjafarstarf væri að ræða. Kaupið var að minnir mig 2500 krónur fyrir mánuðinn. Ég gat ekki samið um kaup í dúr við opinbera embættismenn en ég var með hærri laun en hjúkrunarkonur og kennarar. Þegar bólusetningunni lauk voru vandræði með mig. Hvað ég ætti að gera þangað til hjúkrunarkonan hætti. Þá datt einhverjum snillingnum í hug að að væri gott fyrir þessa konu að vera í Arnarholti. Látum hana gera það, er það ekki ágætt fyrir hana. Arnarholt var hæli eða geymslustaður fyrir fólk sem var haldið allskyns sjúkdómum en átti það eitt sammerkt að geta ekki séð um sig sjálft. Þarna var lamað fólk, útbrunnir alkar, geðsjúklingar og þroskaheft fólk. Þetta var lærdómsríkur tími en erfiður enda verksvið mitt afar óljóst. Ég var þarna í geymslu eins og vistmennirnir (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

5.4.1 Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

Guðrún heldur áfram og lýsir starfi sínu hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur:

Loksins um haustið 1957 hóf ég störf hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Ég var alveg hryllilega illa undirbúin fyrir þessa vinnu. Þetta var svo mikil hörmung að öllu leyti. Áberandi voru í borginni braggahverfin sem voru í jöðrum byggðarinnar og fátækrabyggð svo sem Höfðaborg sem var þar sem nú standa glerhúsa turnar útrásarinnar í Höfðatúninu og líka Pólarnir á slóðum Valsvallarins. Hvorutveggja kaldar og illa byggðar íbúðalengjur með afar kytrulegum íbúðum þar sem fátækt barnafólk og einstæðar mæður hýrðust. Árið 1952 bjuggu um 2.300 manns í bröggum. En þarna þegar ég er að byrja hjá barnaverndarnefnd voru allir sem mögulega gátu að flytja úr bröggunum í annað og betra húsnæði. Eftir sat fátækasta og ólánsamasta fólkið og þá eins og endranær beindist barnaverndarstarfið fyrst og fremst að þessum hópi.

Braggahverfin, það er Kamp Knox vestan Hofsvallagötu, Laugarneskampur á slóðum Hrafns Gunnlaugssonar, Tripolíkampur austan Suðurgötu, Múlakampur á slóðum Hótel Nordica, Grimsby á Grímstaðaholtinu, Höfðaborgin, Pólarnir, Gunnarsborg sem var samansafn kofahreysa inn við Suðurlandsbraut sem fólk hafði hróflað upp af engum efnum og skipulagslaust og nefnt eftir Gunnari Thoroddsen borgarstjóra, sem hafði leyft þessa byggð og svo Melabragginn. Það var tveggja hæða braggi með fjölda smáíbúða sem voru fullar af barnafólki. Þessi hverfi urðu minn aðalstarfsvettvangur árin þrjú sem ég vann hjá barnaverndarnefndinni. Hlutverk mitt var fyrst og fremst að sinna eftirliti með barnafjölskyldum sem nefndin hafði ákveðið að skyldu sæta eftirliti vegna óreglu eða vanrækslu foreldra. Húsnæði ef húsnæði skyldi kalla sem þetta fólk bjó í var á vegum Reykjavíkurborgar. Það voru bara engin úrræði. Það var bara verið að athuga hvort þær væru drukknar í dag eða voru drukknar í gær. Svo var barnaverndarnefnd að taka börnin og senda í sveit á svokölluð góð heimili. Þetta var allt sem var gert. Engin áfengismeðferð. Ekki neitt. Framfærslunefnd sveitarfélaga ákvað hversu mikið eða öllu heldur hversu lítið eða með hvaða hætti framfærslan skyldi veitt. Það þótti enn mikil hneisa að vera á sveitinni og ég átti eftir að kynnast því hve lágt fólk varð að lúta til þess að fá skammtaðan skít úr hnefa frá fátækrafulltrúunum í Reykjavík á þessum tíma. Einkum var hlutskipti einstæðu mæðranna erfitt. Framfærslufulltrúarnir sem störfuðu í umboði framfærslunefndar réðu ekki aðeins yfir framfærslulífeyrirnum. Þeir úthlutuðu líka öllu bæjarhúsnæði. Vald þeirra yfir því ógæfufólki sem var háð velvilja þeirra var því mikið. Lögin sem ég starfaði eftir voru frá 1947 og voru í gildi til 1966. Þetta var fyrsti vísirinn að velferðarlöggjöf okkar og snerti sérstaklega það fólk sem barnaverndarnefndin hafði með að gera. Barnaverndarlögin sem ég starfaði eftir voru endurskoðun á fyrstu barnaverndarlögunum frá 1932. Textinn í lögunum endurspeglar mjög fordæmandi afstöðu og í raun fyrirlitingu á því fólki sem barnavernd átti að hjálpa og aðstoða. Til dæmis sagði í fyrstu grein þeirra að vernd barna taki yfir:

„eftirlit með börnum og ungmennum, líkamlega, andlega eða siðferðilega miður sín. Koma hér einkum til greina börn og ungmenni, blind, málhölt, fötluð, fávita og á annan hátt vangefin svo og börn og ungmenni,

sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum”.

Í siðferðislegum glapstigum fólst samkvæmt lögnum:

„ódælska, óknytti, slæpingsháttur, flækingur, betl, vanræksla á námi, drykkjuskapur eða önnur óregla, lauslæti eða lögbrot”.

Barnaverndarnefndin átti að grípa til viðeigandi ráðstafana vegna vanhæfni foreldra þegar til var að dreifa:

„hirðuleysi, vankunnáttu, andlegum eða siðferðislegum annmörkum, líkamlegu eða andlegu heilsuleysi, drykkjuskapa, eituryfjannautnar, lauslætis eða annars siðleysis eða refsiverðs athæfis.”

Þegar svoleiðis var ástatt átti nefndin að:

„leiðbeina, áminna, skipa eftirlitsmann eða taka barn af heimili ef það þætti best henta.”

Hvergi í lögnum örlaði á að gæta ætti réttarstöðu og lágmarks mannréttinda þeirra sem lögin eiga að vernda nema með einni undantekningu. Hún var sú að ekki mátti taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanns. Lögin eru auðvitað barn síns tíma og endurspeglar þá útskúfun og lítillækkun sem var því samfara að lenda á skrá hjá og njóta verndar hins opinbera. Þarna voru ekki að þvælast fyrir þokukennd og tvíræð hugtök svo sem að ákvarðanir skuli taka mið af því sem barni sé fyrir bestu.

Pólitíkin sótti atkvæði á þessi heimili. Sjálfstæðisflokkurinn gaf hveiti, sykur, kol og matvörur. Og fólk kaus hann í staðinn. En það komu engin úrræði. Börnin voru eins og jó jó. Ýmist heima eða í vistun einhversstaðar. Algerlega ólýsanlegt. Engin úrræði engin framtíð nema meira af því sama. Ekki einu sinni áfengismeðferð. Ekkert hægt að gera nema fylgjast með stöðugt versnandi ástandi. Og ofan á allt annað skynjaði ég og stóð berskjölduð gagnvart ómældri tortryggni og allt að því hatri þessa fólks á mér og því kerfi sem ég var fulltrúi fyrir. Þau upplifðu mig sem fjandmann og valdapersónu. Ég upplifði mig sem valdalaus en vel meinandi. Barnaverndarstarfið kláraði mig alveg. Þegar ég horfi til baka og hugsa um starfið, ríkjandi viðhorf og hversu hræðilega vanbúin ég var undir að mæta þeim veruleika sem blasti við mér í daglegu starfi finnst mér eiginlega ótrúlegt að ég hafi lifað af þessi rúmlega þrjú ár sem ég vann hjá barnaverndarnefndinni. Um leið og annar möguleiki bauðst þá hætti

ég, starfið var að gera mig brjáláða. Börnin bjuggu við svo bág kjör að orð fá því ekki lýst (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

5.4.2 Pólitíkin og lífið eftir barnavernd

Guðrún hefur alla tíð verið pólitísk. Hér segir hún frá pólitíkinni og hvað tók við hjá félagsráðgjafanum eftir að hún hætti hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur:

Eftir að ég hætti hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur fór ég að vinna í Sálfræðideild skóla. Hún var starfandi í herrans mörg ár. Hún þjónustaði skólana. Við vorum þrjú sem unnum þarna. Það voru tveir sálfræðingar, þeir Jónas Pálsson og Kristinn Björnsson. Þeir greindarprófuðu börn sem áttu erfitt með nám. Við fórum í skólana og reyndum að aðstoða börn sem áttu erfitt í skólunum. Við höfðum samband við foreldra barnanna og reyndum að gera okkur grein fyrir því hvernig ástandið var. Mér fannst þetta starf bjóða upp á meiri lausnir fyrir skjólstæðinga okkar. Þetta var meira starf sem ég gat boðið mér upp á. Það var verið að eiga við aðra hópa en þá sem barnaverndarnefnd var með undir sínum verndarvæng. Fólk sem bjó við annars konar aðstæður. Mér fannst félagsráðgjafarnámið henta betur í þessa vinnu. Þarna var kominn litteratur og maður var farinn að lesa meira. Þá var mikið farið að skrifa á þessum nótum um einstaklingsmiðaða nálgun.

Ég fór að vinna á Kjarvalsstöðum, í fötlunargeiranum hjá Greiningarstöð ríkisins árið 1974. Þar var unnið heilmikið starf með foreldrum fatlaðra barna. Þar voru foreldrahópar, sjálfshjálparhópar sem byggðust á samræðum. Þar var rætt um vandamálin sem staðið var frammi fyrir sem foreldrar fatlaðra barna. Hvað fólk ætti sameiginlegt og hvað fólk gæti gert til að hjálpa hvort öðru til lifa og lifa lífinu með fötluð börn sín. Ári seinna fór ég að vinna í Fósturskólanum og í Æfingadeild kennaraháskólans sem félagsráðgjafi. Ég var þar inni í skólanum. Það var ögrandi. Þarna gat ég ekki verið að væla í kollegunum. Ég fékk útrás þar. Það var verið að bomberta en þarna gat maður unnið sér inn trú og traust kennarans. Maður var honum til aðstoðar við að byggja upp nýja nálgun í kennslu. Það var gefandi vinna, þar var verið að vinna í hópum með brokkgengum krökkum en í gegnum kennarana. Mín sýn sem félagsráðgjafi var mjög óljós. Ég vildi láta gott af mér leiða.

Ég var frekar róttæk í skoðunum og mjög pólitísk. Ég var í Kvinnalistanum, það var stórkostleg lífeynsla. Ég var ein af stofnendum Kvennaframboðsins og

Kvennalistans. Ég var kosin í borgarstjórn Reykjavíkur 1982 fyrir Kvænnaframboðið en við fengum tvo fulltrúa í borgarstjórn. Þegar ég var komin þangað inn gat ég ekki beðið eftir að losna. Hjálp. Þetta var leiksýning, rugl og vitleysa. Einu áhrifin sem við höfðum voru þegar við bjuggum okkur upp í samkvæmisbúninga og mættum í kjól með kórónu úr álpappír til að sýna fáránleikann og fylltum pallana í þessari múnderingu.

Ég varð kennslustjóri í Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands árið 1981. Ég hef aldrei komist til metorða sem félagsráðgjafi. Ég hef ekki verið upptekin af því. Aldrei orðið yfirmaður og ekki sóst eftir því. Ég hef skipt mjög oft um vinnu og sóst eftir því. Fundist það vera mest gefandi fyrir mig að byggja upp starf á vettvangi og um leið og það er komið í rútínufasann og orðið vanabindandi þá hef ég dregið mig í burtu og farið að gera eitthvað annað. Því ég þoli ekki stöðnunina, þá er ég hætt að gefa af mér. Þá getur hver sem er gert það. Í raun er mín sýn á starfið að það sé mikil hætta á að fara inn í göng eða götu og vera bara þar. Óttalega notaleg staða. Skemmtilegt og gott í kaffitímanum og kjaftasögurnar í fullum gangi. Þetta er það versta sem til er fyrir félagsráðgjafa. Hann þarf nefnilega alltaf að vera svo vakandi. Hann þarf alltaf að vera á tánum.

Sumir félagsráðgjafar hafa verið svo uppteknir af því að upphefja sig og fá vegtyllur. En ég hef alltaf verið svo gamaldags að hugsa þannig að það séu störfin okkar sem skapa virðingu. Ekki það sem við segjum að við gerum heldur það sem við gerum í raun og veru. Ég hef alltaf verið þeirra skoðunar að til að þessi menntun geti gagnast að einhverju leyti í samfélaginu þá verði að vera hægt að byggja á því sem fólk er í raun að gera. Það var litið á félagsráðgjafa og sálfræðinga sem fólk sem byggir til vandamál. Svo einfalt var það. Það hafa komið tímabil sem ég hef dregið í efa að það væri nokkuð gagn í okkur félagsráðgjöfunum. Við værum bara fyrst og fremst dyraverðir og skömmtuðum fólk. Það er eðli þessa starfs að standa vörð um hag ríkisins eða hins opinbera og ákveða hverjir eigi að fá aðstoð. Það er rosa mikið vald sem starfið hefur. En það er svo dulið og falið á bak við frasana sem við notum og ímyndina sem við notum. En við erum í raun með járnhanska. Við höfum rosalegt vald yfir örlögum fólks. Ég held að það sé aldrei nóg undirstrikað hversu mikið vald þetta er. Þetta er rosalega vandmeðfarið. Maður verður alltaf að vera meðvitaður. Það þarf alltaf að vera fyrsta hugsunin, hvað er ég að gera? Hvernig fer ég með þetta vald? Það

er kjarnaatriðið. Ekki að reyna að setja allt í box. Það skiptir gríðarlega miklu að lúra ekki á valdi sínu heldur gefa það frá sér. Stundum hefur mér fundist þegar ég hef starfað utan kerfisins að þá skipti öllu að valddreifingin sé sem mest. Að auka vald þeirra sem til okkar koma. Þar finnst mér ég hugsanlega hafa gert mest gagn. Þar mæti ég fólki þar sem það er. Mest áriðandi er að halda sínum hugmyndum í lágmarki og jafna stöðu fólks (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

5.5 Félag félagsráðgjafa

19. febrúar 1964 var Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa stofnað. Fyrstu stjórn félagsins skipuðu Margrét Margeirsdóttir sem var formaður, Guðrún Jónsdóttir ritari og Kristín Gústavsdóttir gjaldkeri. Guðrún sem var einn af stofnendunum félagsins segir að þegar þær stofuðu félagið hafi þær aðeins verið fjórar:

Það voru ég, Margrét Steingrímsdóttir sem lærð félagsráðgjöf í Englandi, Kristín Gústafsdóttir sem lærði í Svíþjóð og Margrét Margeirsdóttir sem lærði í Danmörku. Margrét Steingrímsdóttir vann þá hjá borginni en Margrét Margeirsdóttir og Kristín Gústafsdóttir unnu báðar á Heilsuverndarstöðinni en þar var komin geðræn þjónusta fyrir börn. Við vissum af hvor annarri, við höfðum hisst. Fórum að tala um að við yrðum að bæta kjörin. Við fundum að við vorum að dragast aftur úr í launakjörum. Þetta var kjarabaráttufélag. Við yrðum að halda laununum sambærilegum og launum tæknifræðinga. Þarna árið 1964 voru þeir komnir fram úr okkur. Fyrst ákváðum við að við skyldum hver og ein reyna að pota okkur upp eins og við gætum í launum og við myndum miða okkur við þá sem kæmist lengst. Við urðum að nota þá taktík, það var engum sem fannst að félagsráðgjafi væri ekki ómissandi. Embættismönnum aldarinnar fundumst við ekki hátt skrifaðar. Við vorum bara í þjónustuhlutverki. Við vorum mjög einhuga þegar við stofnuðum félagið og hittumst heima hjá hvor annarri fyrstu árin (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

5.6 Kennsla í félagsráðgjöf á Íslandi

Á þessum tíma var kennsla í félagsráðgjöf í Svíþjóð á háskólastigi en í Danmörku og Noregi á svokölluðu høgskola stigi. Þeim Íslendingum sem fóru að læra félagsráðgjöf fjölgaði og

þrýstingur kom um að hefja kennslu í félagsráðgjöf á Íslandi (Anna S. Jónsdóttir, o.fl., 2008). Guðrún segir að sú sem hafi útskrifast næst á eftir sér hafi verið Margrét Margeirsdóttir:

Það var fjórum eða fimm árum seinna, hún lærði líka í Svíþjóð en síðan bættist Danmörk við. Í Svíþjóð var námið á háskólastigi en í Danmörku og Noregi á svokölluðu högskola stigi. Nokkurskonar millistig sem er horfið núna. Millistig þar sem ekki var krafist stúdentsprófs. Samt líklega betri skólar þar sem fram fór samspil rannsókna og veruleika. Þar var meiri verkleg kennsla og maður kynntist meira vettvangi. Meiri nálgun út frá veruleikanum. Fræðin búa mann ekki undir veruleikann í sjálfu sér, búa bara til myndir.

Um 1980 var farið að hugsa um þann möguleika að bjóða upp á að hægt yrði að læra félagsráðgjöf á Íslandi. Þá var hægt að læra í háskólanum greinar eins og félags- sál- og uppeldisfræði. Strákarnir sem stjórnðu Félagsvísindadeildinni vildu fá eitthvað þarna inn sem skapaði atvinnumöguleika. Ekki bara kenna brautir eins og félagsfræði sem enduðu í engu. Enduðu bara upp á heiði, stoppuðu þar. Það voru búnar að vera langar og strangar umræður milli félagsins og ráðuneytisins um að koma á námi í félagsráðgjöf. Háskólinn vildi koma náminu heim. Með því vildi háskólinn auka veg sinn og virðingu. Það var áhugi á að bjóða uppá starfsmiðað nám eins og námsráðgjöfin varð.

Við í Félagsráðgjafarfélaginu vorum ekki ginkeyptar fyrir þessu. Okkur fannst við ekki vera nógu vel menntuð sjálf til að taka að okkur þessa kennslu. Vorum bara flest með okkar félagsráðgjafar próf og uppfylltum ekki þessar formlegu kröfur sem háskólinn gerir. Þessar akademísku kröfur. Það var enginn með doktorsgráðu. Fólk hafði kannski farið aftur í nám án þess að það gæfi réttindi. 1973 varð það svo úr að ég fór til Englands til að læra að kenna félagsráðgjöfum. Það var sex mánaða framhaldsmenntunarnámskeið sem var haldið í London. Þar var kenndur undirbúningur í kennslu í aðferðarfræði félagsráðgjafa. Ráðneytið auglýsti styrk til námsins. Ég sótti um og fékk hann, ég fór á þeirra vegum. Ég var á bólakafi í þessum málum fyrir hönd félagsins. Við settumst niður og reyndum að svara spurningunni, er hægt að koma þessu námi hingað heim? Að þessu komu fulltrúar frá öllum aðilum. En félagið var alla tíð á báðum áttum. Ég stóð á bremsunni alla tíð. Þeir í háskólanum, þeir vildu bara fá þetta nám.

Ég var að vísu búin að viðá að mér ýmsu efni fyrir kennslu í félagsráðgjöf. Ég var búin að vera þarna út í Bretlandi. Á þessu tímabili þá fást peningar frá ráðneytinu til að styrkja fólk til að fara á þennan skóla í Englandi til að læra að kenna félagsráðgjöf. Þá þokaðist þetta aðeins áfram. Þá fór að síga meiri alvara í þetta. Gera þetta án þess að reyna að búa til nýtt nám. Það þurfti að samnýta sem mest úr fögunum sem kennd voru í Háskólanum. Hann var ekki tilbúinn til þess að innleiða nýjar greinar. Það sem okkur þótti gera þetta lítið spennandi var frekjan í þessum köllum. Þetta var líka svolítið persónulegt. Framkoma Ólafs Ragnars Grímssonar, núverandi forseti Íslands, jaðraði við frekju. Hann og hinir kallarnir í deildinni voru að gera okkur í félaginu brjálaðar. Þeir voru svo hrokafullir, þeir héldu að við kæmum skríðandi til þeirra. Að þeir væru svo góðir að leyfa okkur að kenna þetta í Háskólanum. Það er kannski ýkjukennt að segja þetta en svona var þetta. Megin ástæðan fyrir því að við vorum á móti þessu var að við vorum ekki það mörg á þessum tíma. Það yrði erfitt að koma nemendum fyrir í verknámi. Verknám var nauðsynlegt, engin spurning með það. Síðan var líka spurning með kennslukrafta. Við vildum að þetta yrði sérnám. Byggt upp frá grunni. En það endaði með því að félagið gaf sig og samþykkti að þetta yrði samnýtt fögunum sem voru fyrir í háskólanum. Árið 1978 var í fyrsta sinn hægt að hefja nám í félagsráðgjöf á Íslandi. Ég stóð á kafi í þessu strögli. Þetta var ekki mjög gefandi tími.

Þórólfur Þórlindsson sviðstjóri Félagvísindasviðs Háskólans réð mig sem kennslustjóra í félagsráðgjöf 1981. Hann bað mig að taka þetta að mér, það voru ekki allri sáttir með það. Það varð núningur í félaginu en ég kom þessu námi á laggirnar. Til að skipuleggja námið settumst við niður og ræddum bara saman. Hvað vildum við sjá, hvað vildum við fá út úr þessu. Norðurlöndin voru fyrirmynd. Ég þekkti Bretland mjög vel og þekkti íslenska ástandið. Það var námsnefnd sem smíðaði námið. Í henni voru stundakennarar og nemendur. Fyrsti hópur þeirra sem útskrifuðust úr félagsráðgjöf var mjög sterkur hópur. Stærsti hlutinn konur og tveir strákar. Konurnar voru sterkar og þær ætluðu sko að útskrifast sem félagsráðgjafar hvað sem tautaði og raulaði og þær urðu einhverskonar málamiðlun.

Námið varð þannig byggt upp að fólk sem útskrifaðist með BA-próf í uppeldis- sál- eða félagsfræði tók viðbótarkúrsa í félagsráðgjöf á námstímanum. Tækju síðan eitt ár í viðbótarnám. Þetta yrðu fjögur ár og þá fékk það réttindi sem félagsráðgjafar.

Verknámið yrði fléttað inn í þetta á fjórða árinu. Fólk í félagsvísindadeildinni fékk innsýn í skyldukúrsa í öðrum greinum en þeir sem fóru í félagsráðgjöf höfðu enga valkúrsa þar sem þeir þurftu að taka ákveðna kúrsa. Þetta var massíf súla. Á fjórða árinu var aðferðarfræði, félagsráðgjafarkúrsar og verknám. Ég og námsnefndin mótuðum þessa kennslustefnu. Mér fannst þetta ásættanlegt en veit ekki hvað mér finnst um þetta í dag. Ég var eini í þessu í tíu ár, eini fasti kennarinn. Ég var með allt verknám, bóknám og skipulagninguna. Til að nýr hópur gæti útskrifast á hverju ári þá þurfti ég að láta þetta ganga. Þetta þokaðist hægt og bítandi. Það var aldrei hægt að fá pening fyrir annan kennara og aldrei hægt að fá pening í neitt. Ég var ráðin inn á lektorskjörum, ég fékk rannsóknarleyfi og laun sem lektor.

Um 1991 erum við orðnar þrjár í doktorsnámi. Ég byrjaði í náminu 1986 í Warrick í Bretlandi og útskrifaðist frá Sheffield 1992. Doktorsverkefnið er um afleiðingar sífjaspells en ég gerði eigindlega rannsókn á breskum og íslenskum konum. Sigrún Júlíusdóttir og Guðrún Kristinsdóttir voru í doktorsnámi í Svíþjóð þannig að þá var kominn grunnur að því að auglýsa lektorsstöðu við deildina. Við vorum allar á svipuðu stigi í náminu. Allar komnar með doktorsnámið í ramma, áttum kannski svona eitt ár eftir til að klára það. Þá stakk ég upp á því við námsnefndina að það yrði auglýst lektorsstaða við deildina. Bara líka til að þoka þessu eitthvað áfram. Þetta var svo mikið karlaveldi þarna í deildinni. Þeir réðu svo miklu, voru svo ósvífir. Já, já, Guðrún klárar sig á því, já, já, stundakennarar sjá um kennsluna. Það var erfitt að reka þetta þannig. Staðan er síðan auglýst og við sækjum um allar þrjár og einhverjir fleiri. Það er skipuð matsnefnd og hún kemst að þeirri niðurstöðu að við séum allar jafnhæfar en Sigrún skari fram úr í einhverri stjörnugjöf. Það var niðurstaðan og nefndin samþykkti þá niðurstöðu. Ég hætti þá.

Ég er mjög ánægð með árin mín þarna. Eftir á er ég mjög ánægð með að þetta hafi farið svona því ég fór beint í að vinna á Stígamótum sem er sér kapituli út af fyrir sig. Þar vantaði manneskju, ég hafði verið með frá upphafi og þekkti orðið þessi mál örugglega best af öllum á landinu (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

5.7 Stígamót

Stígamót er grasrótahreyfing gegn kynferðisofbeldi sem var stofnuð 8. mars árið 1989 á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Stofnendur voru Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sifjaspellum (Stígamót, e.d). Guðrún Jónsdóttir er einn af stofnendum Stígamóta og segir tilurð félagsins hafa verið þá að á fjórða árinu í náminu í félagsráðgjöf hafi hún verið með nemendum í hálfan mánuð þar sem þeir völdu efni til að fara djúpt inn í:

Árgangurinn sem útskrifaðist 1985 vildi fá að vita meira um sifjaspell. Ég fer að hugsa um hver geti leiðbeint þeim. Ég kemst fljótt að þeirri niðurstöðu að ég muni líklega kunna mest í þessu. Vegna þess að ég hafði talað við konur sem höfðu þessa reynslu. Í doktorsritgerðinni hafði ég tekið viðtöl við íslenskar og enskar konur sem höfðu verið misnotaðar. Það var átak að fara í gegnum allt efnið í doktorsritgerðinni. Fara í gegnum allt sem búið var að fjalla um konur og börn og allt það. Alla þessa misnotkun. Ég sagði við krakkana að þau sætu líklegast bara uppi með mig sem leiðbeinanda og þau voru sátt við það.

Þegar ég var að vinna að kvennaframboðinu þá stofnuðum við hópur af félagsráðgjöfum, lögfræðingum og lögfræðinimum kvennaráðgjöf. Við vorum í sjálfboðaliða vinnu og notuðum þekkingu okkar til að verða konum að gagni. Við buðum upp á ráðgjöf í félagsráðgjöf og lögfræði fyrir konur. Og það bara hópuðust að konur. Það var eins og við höfðum tekið úr stíflu. Ég hafði lesið heilmikið af því sem var byrjað að skrifa um kynferðisofbeldi gegn börnum. Þá voru farnar að koma greinar sem voru skrifaðar út frá kvennapólitísku sjónarhorni. Það var byrjað að skrifa um þetta á háskólastigi. Það komu rannsóknir sem voru ekki bara einhverjar klínískar rannsóknir heldur rannsóknir úr veruleikanum. Þá var nýkomin út bókin *Father-Daughter Incest* eftir Judith Herman. Bókin er byggð á reynslusögum kvenna sem hafa verið beittar kynferðisofbeldi. Hún var svolítið freudisk en ekki þannig að hún missti sig í ruglinu. Við fórum í gegnum bókina á þessum hálf mánuði og þegar við vorum búin þá sögðu krakkarnir. Við getum ekki bara hætt svona. Við verðum að gera eitthvað við þetta. Ég var alveg sammála, það varð úr að við hittumst. Ég náði í fleiri konur sem ég þekkti sem höfðu unnið í Kvennaathvarfinu. Þetta voru konur sem höfðu stofnað ráðgjafahóp um nauðganir, höfðu aðeins byrjað að hreyfa við þeim málum. Þannig urðu Stígamót til.

Við stofnuðum tíu til 12 kvenna vinnuhóp til að hittast og ræða hvernig við ættum að bregðast við því sem kom úr vinnu krakkanna. Við fórum í sameiningu yfir þetta og allt sem við höfðum lesið. Niðurstaðan varð sú að við ákváðum að bjóða upp á opinn síma. Notuðum símann sem Kvennaráðgjöfin hafði. Við auglýstum að við svöruðum í síma þessi kvöld. Við fórum í fjölmiðlana með þetta. Fjölmiðlarnir spurðu bara, er til sífjaspell á Íslandi? Ha? Þetta varð bara æsingur. Við sátum þarna við símann og það hringdi og hringdi og hringdi. Á þessum þremur kvöldum höfðu 33 konur samband við okkur. Það var svo mikið álag á línunni að við héldum að síminn myndi breyta. Það var ekki spurning um að ekki væri nóg af konum sem myndu nýta sér hjálpina. Í þessu ljósi var næsta spurning sú hvað ættum við að gera. Þessi hópur var ekki bara einhver undantekning. Heldur var þetta einhver óþekkt stærð. Hvað ætluðum við að gera með þetta? Við ákváðum að drífa upp sjálfshjálparmiðstöð. Það væri ekkert annað að gera. Ég fór af stað með fyrsta hópinn í janúar 1987. Við fengum inni á kirkjuloftinu í Háteigssókn. Þetta var fyrsti sjálfshjálparhópurinn, vinnuhópur gegn sífjaspellum. Það var þessi nálgun sem við duttum niðrá. Þetta form, það bara að hittast, að deila reynslunni. Rekja hvernig hún hafði breytt manni, hvaða áhrif hún hafði haft. Ég stjórnaði ekki hópnum, ég var bara hluti af hópnum. Það kom í ljós þegar við, þessar konur sem ýttum þessu af stað, fórum að ræða þetta að við höfðum allar orðið fyrir einhverju áreiti í formi kynferðisofbeldis. Bara hluti af því að verða kona, við þekktum það allar. Við höfðum not af einhverjum tilfinningum sem bærðust innra með okkur. Brot af tilfinningum, engin hafði talað um það áður. Mörkin á milli okkar máðust út. Þetta varð þannig einhverskonar gefandi sárt, en gefandi og hreinsandi prósess. Okkur var skítsama um umtalið. Ég get alveg ímyndað mér að fólk hafi talað. Gert sér myndir af því hvernig þetta gekk fyrir sig.

Það var svo mikill fjöldi af konum sem fór þarna í gegn. Við vorum þarna öll kvöld og allar helgar, meira og minna. Allur frítíminn fór í þetta. Við vorum með hóp, með viðtöl, við réðum starfsmann í hálf starf. Við fengum aura frá Reykjavíkurborg og frá ráðuneytinu. Við tókum aldrei kaup. Starfsmaðurinn fékk smá upphæð fyrir að vera á símanum hálfan daginn og taka á móti konum sem komu. Þetta var orðinn svo mikill fjöldi, mörg hundruð konur sem komu. Þetta gat ekki gengið svona lengur. Við hóuðum okkur aftur saman. Konur úr Kvennaathvarfinu, konur úr Kvennaráðgjöfinni, konur úr öllum þessum hópum sem verið höfðu í þessum málum.

Ákveðið var að mynda miðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi. Nú höfðum við tölur. Við gátum sýnt fram á í tölulegu formi hvað þetta væri mikill vandi og hvað afleiðingarnar væru alvarlegar. Það var ekki eins og við værum að fálma eitthvað út í myrkrið. Við vissum hvað við höfðum í höndunum, þannig séð. Við lögðum línurnar, hvernig vildum við hafa þessa miðstöð, gerðum fjárhagsáætlun. Við þurftum að fá tíu milljónir á ári til að reka þetta. Við vildum hafa vel launaðar konur í starfi. Við gerðum langa greinargerð og sendum til Jóhönnu Sigurðardóttur núverandi forsætisráðherra, hún var þá félagsmálaráðherra. Síðan fengum við svar frá Jóhönnu. Við fengum eina milljón. Fyrstu viðbrögð okkar voru, heyrðu já, já, þá er það búið. En svo hugsuðum við. Nei, við kýlum á það. Byrjum á milljóninni og þegar hún er búin þá sjáum við hvað gerist. Við biðum ekki eftir að hún kláraðist heldur byrjuðum strax að safna. Það var mjög merkilegt að við skyldum fá milljón þannig að ég gat nú ekki verið ill út í Jóhönnu. Þetta var samt svolítið kjaftshögg. Þrjár konur voru ráðnar í hálf starf þann 8. mars 1990. Það var strax mikið að gera öll kvöld. Ég var á bólakafi í þessu.

Við þetta opnuðust fyrir mér ýmsir möguleikar. Um leið og maður var kominn út úr spennitreyju stofnunarinnar fékk maður allt aðra mynd af veruleikanum og allt aðra innsýn inn í líf þessara kvenna sem leituðu til ráðgjafarinnar. Allt önnur sýn en maður hafði fengið áður sem starfsmaður barnaverndar, félagmálastofnunar eða hvaðeina þar sem maður var í hlutverkinu, fulltrúi stofnunarinnar. Það bara opnaðist alveg nýr heimur. Þarna komu konur sem voru að segja manni fá alls konar ofbeldi sem þær höfðu verið beittar. Allt frá því þær höfðu verið litlir krakkar. Allt, bæði líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi, andlegt ofbeldi og af öllum toga. Því þetta var spjall, við töluðum bara saman á jafnræðisgrundvelli. Allt var trúnaðarmál. Það fór ekkert lengra. Þær sögðu frá sinni sýn og þurftu ekkert að draga upp einhverja mynd af sér til að fá eitthvað í staðinn. Maður er bara projektið af því sem maður hefur lært og upplifað. Þegar maður ætlar að fara að vinna á þessum grundvelli þá ýtir maður frá sér kenningunum. En þær eru þarna. Maður þarf að hafa einhverja undirstöðu. Maður anar ekki bara áfram eins og einhver góðgerðarkona. Maður brýtur ekki hugann yfir einhverju vinnusjálfi þegar maður er farinn að vinna með þessa hluti eða eigiðsjálfi. Maður stígur yfir yfir þetta bil, fjarlægðina. Maður gefur af sér og maður

fær á móti. Þetta eru gagnkvæm skipti. Ekki bara þú sem gefur, ekki bara þú sem ert sérfræðingurinn og hinn vandamálið.

Vinnan er alltaf malandi einhverstaðar hérna í manni. Það er alltaf svoleiðis, bara eins og allt annað áreiti. Þegar ég byrjaði í þessu var ég alveg undirlögð. Kynlífið fór allt úr skorðum. Ég gat bara ekki hugsað mér snertingu á tímabili. Já, ég var með hugann við þetta. En hægt og bítandi kemst maður yfir þetta og jafnar sig. Maður fer að geta litið á þetta sem hluta af veruleikanum án þess að vera alltaf að hugsa um að halda honum í skefjum. Maður rekur sig fljótlega á að maður bjargar ekki heiminum. Þegar ég byrjaði að læra félagráðgjöf þá óraði mig ekki fyrir því að ég myndi einhverntíman vinna við það sem ég svo síðar gerði. Vinna með alla þessa misnotkun. Ó nei, guð hjálpi mér. Dóttir mín varð lögfræðingur. Hún hefur ekki gefið sig í svona vitleysu, þetta er þrái. Ég vildi ekki hafa misst af neinu sem ég hef gert. Ég lít á þetta sem forréttindi (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

5.8 Hvaða sýn hafði hún á kennslu í félagráðgjöf?

Á þeim 40 árum sem liðin eru síðan menntamálaráðgjafar skipaði nefnd að beiðni rektors Háskóla Íslands með það hlutverk að athuga hvort gerlegt væri að taka upp kennslu í félagráðgjöf á Íslandi hefur mikið vatn runnið til sjávar. 15 fastráðnir kennarar, þar af tveir prófessorar, þrjú dósentar, fjórir lektorar og sex aðjúnktar sjá um að kenna félagráðgjöf í dag. Nemendur eru um 500 og þar af ríflega 100 í framhaldsnámi (Háskóli Íslands, 2012). Þegar Guðrún var ráðin til Háskóla Íslands var hún eini fastráðni kennarinn í um tíu ár. En finnst henni sú sýn sem hún hafði á kennslu í félagráðgjöf hafa gengið eftir? Hún segir mikið hafa breyst í háskólanum:

Allt í einu eru til peningar, ég veit ekki af hverju, ég bara hætti. Hef ekkert átt neitt erindi þarna vestureftir. Jú, ég veit hvernig BA námið er byggt upp. Ég held að þetta sé ekki eins og ég vildi hafa þetta. Ég hefði viljað sjá meira af verklegu námi af því ég held að það skipti máli að fólk fái að þreifa á veruleikanum samhliða náminu þannig að það geti nálgast teoríuna með örlítið spurningarmerki. Borið saman hvernig stemmir það miðað við það sem ég sá þarna niðurfrá. Hvernig stemmir það við þetta eða hitt. Það er hjálp í því að tileinka sér, að geta orðið svolítið krítískur. Það þyrfti að leggja meiri áherslu á verklegt nám. Það þarf að fá hvatningu í gegnum línuna. Samþætting á þessu verklega og bóklega í gegnum alla línuna. Hvað ætlar þú að gera

með BA-nám í félagsráðgjöf. Það þarf að koma á starfsnámi miklu fyrr. Maður veit ekki hvort þetta á við mann. Það er erfitt að segja til um það fyrr en maður er búinn að vera úti á mörkinni. Mér finnst þetta orðið rosalega „teorískt“. Mér finnst það hræðilegur ósigur að BA-prófið endi upp á heiði og fólk sé sett í þá stöðu að það verði að vera fimm ár í námi til að fá starfsréttindi. Mér finnst þetta vera ósigur og boðið upp á kjör sem eru ekki í neinu samræmi við námslengdina. Mér finnst vanta viðurkenningu á lengd námsins (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

5.9 Hvað gerði hún öðruvísi ef hún væri fyrsti félagsráðgjafinn í dag?

Hægt er að fullyrða að Guðrún Jónsdóttir hefur lifað áhugaverðu lífi. Verið mikill frumkvöðull og baráttukona. Hún segist muna vel eftir fyrstu baráttunni sinni:

Fyrsta baráttan var þegar ég var svona fimm ára, þá var maður alltaf klæddur í ullarsokka með kot úr íslensku bandi. Mamma var að klæða mig í nýþvegna ullarsokka. Hún ýtti þeim alltaf upp en ég ýtti niður, hún upp og ég niður. Hún hefur það af á endanum að setja mig í sokkana og ég man það að ég gekk út úr húsinu eins og spýtukall án þess að beygja hnéin. Ég settist undir vegginn á húsinu á móti og horfði upp í eldhúsgluggann hjá henni og ég sat þar alveg þangað til um kvöldið. Þetta er strangasta baráttan sem ég hef háð en það breytti því þó ekki að ég þurfti að fara aftur í ullarsokka (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

Í dag eru starfandi 574 félagsráðgjafar á Íslandi (Félag félagsráðgjafa). Landsmenn eru um 319 þúsund og í Reykjavík búa um 110 þúsund íbúar (Hagstofan, e.d). Ef Guðrún væri að koma til starfa í dag hvað myndi hún gera öðruvísi en það sem hún gerði þegar hún kom til stafa árið 1957:

Ég myndi gera allt aftur, nema sleppa barnaverndarstarfinu. Þar upplifði ég mig svo vanmáttuga. Það er ástæðan, upplifði mig vonlaus. Þó að úrræði dagsins í dag væru til þá efast ég um að það breytti neinu. Mér finnst barnaverndarstarf rosalega vandasamt starf. Mér finnst þessi opinberu samskipti erfið. Börn búa við svo hrikalegar aðstæður en þau þekkja ekki annan veruleika og þetta eru foreldrar þeirra. Já annað hvort þarf að gera það strax eða sem fyrst að hafa afskipti og ekki bíða og bíða. Börnin verða stórskemmd. Það þarf að koma inn með massífar aðgerðir í barnavernd. Hryllilega flókin mál. Það er verið að grípa inn í mál fólks. Hinu opinbera

hefur ekki tekist vel við uppeldi þeirra barna sem þau hafa tekið. Ég þekkti krakkana sem ég sá á rúntinum mínum um braggahverfið þegar ég vann við þetta. Ég veit hvað varð um þau. Mörg af þeim urðu ógæfufólk. Að vísu margir dánir. Margir af þeim sem eftir lifa er fólk sem ekki hefur ráðið við lífið á neinn máta. Fólk sem hafði búið í húsnæði sem var ekki mönnum sæmandi. Þetta voru mikið konur með börn í drykkjumannasambandi, engin áfengismeðferð. Ég sé fyrir mér mynd af hjónum. Þau bjuggu í skúr, þau lágu í flatsæng það var svo kallt. Það var frosið í hlandkoppnum en inni hjá þeim var flottur skápur. Í honum voru allar Íslendingasögurnar skinnbundnar. Þegar maður eldist þá nýtir maður námið betur. Maður lærir að hlutirnir gerast ekki nema maður kýli á þá. Mörg svið innan félagsráðgjafarinnar eru áhugaverð. En mér finnst það hafa verið forréttindi að fá að hafa verið frumkvöðull að stofnun Stígamóta (Guðrún Jónsdóttir munnleg heimild, 17. febrúar 2012).

6 Umræður og lokaorð

Helsta markmið ritgerðarinnar var að segja sögu fyrsta félagsráðgjafans á Íslandi, segja sögu félagsráðgjafar, segja sögu frumkvöðla og greina frá þróun kennslu í félagsráðgjöf. Einnig að varpa ljósi á aðstæður og umhverfi í íslensku samfélagi þegar fyrsti félagsráðgjafinn kom til starfa og hver hennar fyrstu spor voru sem félagsráðgjafi. Leitast var við að vinna ritgerðina þannig að hún hafi sögulegt og þekkingarlegt gildi fyrir félagsráðgjafa og nemendur við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Rannsóknarspurningarnar voru hver væri saga og sýn Guðrúnar Jónsdóttur fyrsta félagsráðgjafans á Íslandi, hver hennar fyrstu spor sem félagsráðgjafi voru og hvert væri framlag frumkvöðla til félagsráðgjafar?

Þegar rannsóknarspurningunum er svarað telur höfundur að á engan sé hallað þegar hann segir að Guðrún Jónsdóttir, fyrsti félagsráðgjafinn á Íslandi sé einn helsti frumkvöðull félagsráðgjafar á Íslandi. Saga hennar er að hún fæddist í mikilli fátækt í Vík í Mýrdal árið 1931. Hún hefur líklega ekki átt von á hinni viðburðarmiklu æfi sem hún hefur lifað þegar hún var að leika sér á söndunum í kringum Vík sem barn. Utanlandsferðir og háskólanám hafa varla tekið mikið pláss í hugsunum hennar þarna á söndunum. En hún sannaði að vilji er allt sem þarf. Hún fór í háskólanám í félagsráðgjöf til Svíþjóðar sem nýbökuð einstæð móðir. Hún lét það ekki aftra sér þegar hún kom heim úr námi að í raun var ekki nein fastmótuð starfslýsing fyrir hendi þegar kom að því að starfa sem félagsráðgjafi. Hún mótaði þau störf sem hún tók að sér og ruddi brautina fyrir þá sem komu á eftir henni.

Hennar fyrstu spor sem félagsráðgjafi voru hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur en starfið þar reyndist henni erfitt vegna þess að það voru engin úrræði til handa þeim sem hún var að aðstoða. Sú vinna er það eina sem hún myndi ekki vilja endurtaka ef hún væri að byrja sem félagsráðgjafi í dag. Hún stofnaði Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa ásamt þremur öðrum frumkvöðlum fyrir hartnær 50 árum. Hún var ráðin kennslustjóri í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands fyrst allra, mótaði það nám og kom því á laggirnar. Hún hefur alltaf verið mjög pólitísk og tók þátt í að stofna Kvennaframboðið og sat í borgarstjórn Reykjavíkur eitt kjörtímabil fyrir framboðið. Hún var ein af þeim sem settu á stofn athvarf fyrir konur sem höfðu verið beittar kynferðisofbeldi og setti þau mál á dagskrá í okkar samfélagi. Áður hafði ekki verið talið að slíkt ætti sér stað á Íslandi. Þetta hefði ekki verið hægt nema vegna þess að

hún bjó yfir þekkingu, eldmóði, hugmyndum og krafti til að ýta úr vör því sem hún hefur staðið fyrir.

Hennar sýn á kennslu í félagsráðgjöf eins og hún er í dag er að hún sé ekki eins og hún hefði viljað sjá hana. Að vísu segist hún ekki þekkja nógu vel til, en hún hefði viljað sjá meira af verklegu námi. Hún segir að það skipti máli að fólk fái að þreifa á veruleikanum samhliða námi. Það þurfi að vera samþætting á verklegri og bóklegri kennslu í gegnum alla línuna. Maður viti ekki hvort námið eigi við mann fyrr en maður sé búinn að vera úti á mörkinni. Hún spyr hvað fólk ætli að gera með BA-nám í félagsráðgjöf? Henni finnst námið orðið of „teorískt“ og það vera hræðilegur ósigur að BA-prófið endi upp á heiði með engum réttindum. Að fólk sé sett í þá stöðu að það verði að vera fimm ár í námi til að fá starfsréttindi. Henni finnst þetta vera ósigur þegar skoðað er hverju átti upphaflega að ná fram með því að bjóða upp á nám í félagsráðgjöf. Það sé boðið upp á kjör sem eru ekki í neinu samræmi við námslengdina og henni finnst vanta viðurkenningu á lengd námsins. Guðrún segir: „að aldrei sé fullkomlega hægt að kynnast mannlegri hegðun í gegnum bækur aðeins mögulegt að sjá fyrir sér myndir sem endurspegli ímynd af því sem koma skal“.

Þegar kemur að því að svara spurningunni hvert sé framlag frumkvöðla til félagsráðgjafar er hægt að segja að framlag þeirra hafi mótað þær starfs- og vinnuaðferðir sem félagsráðgjafar nota í dag. Jane Addams og Mary Richards eru oft notaðar sem dæmi um fulltrúa tveggja ólíkra stefna innan félagsráðgjafar. En þó þær hafi verið á meðal helstu brautryðjenda félagsráðgjafar þá voru þær ekki sammála um aðferðir þegar kom að því að starfa með þeim sem minna máttu sín. Mary er talin fulltrúi þeirra sem leggja aðaláherslu á tengsl milli þeirra sem hjálpa og þeirra sem þiggja hjálp. Hennar áhersla var að vinna með einstaklingnum með áherslu á hjálp til sjálfshjálpar. Áhersla hennar tengist mjög starfi félagsráðgjafa þegar kemur að vinnu með einstaklinga og fjölskyldur. Jane var upptekin af þjóðfélagsmálum en vann með fjölskyldur á sinn hátt sem við í dag myndum kalla uppeldislegar aðferðir frekar en meðferðarlegar. Hún er aftur á móti álitin fulltrúi þeirra sem leggja áherslu á samfélagsvinnu og hópavinnu. Í raun voru áherslumál þeirra mjög lík. Báðar voru þær fyrirferðamiklar í sínu umhverfi. Þær voru uppi á sama tíma og höfðu ólíkar áherslur sem hefur líklega valdið því að þær voru ekki sammála um aðferðir. Líkast til hefur uppruni þeirra, æska og efnahagur stjórnað verkum þeirra. Mary hafði kynnst fátæktinni á eigin skinni og barðist fyrir þá sem sýndu vilja í að komast í burt frá eyndinni. Jane kynntist aldrei beint fátækt af eigin raun en notaði sína fjármuni í að hjálpa öðrum.

Þessar konur deildu um áherslur á nám félagsráðgjafa og stöðu þeirra í samfélaginu. Báðar lögðu þær þó áherslu á gott siðferði og að unnið yrði eftir faglegum vinnubrögðum. Þó þessi ágreiningur hafi verið til staðar á milli þeirra þá er sú fjölbreytni sem af honum skapaðist talinn einn helsti kostur félagsráðgjafar í dag. Hægt er að segja að þeirra framlag til félagsráðgjafar hafi orðið til þess að áherslur í félagsráðgjafarstarfi hafa breyst frá því að horfa aðalega á einstakinginn í að vinna með manneskjur í sínu umhverfi með áherslu á heildarsýn.

Ólafía Jóhannsdóttir var íslenskur frumkvöðull í félagsráðgjöf á sinn hátt. Hún mótaði sín frumkvöðlastörf með því að ferðast og halda ræður og erindi um mál varðandi áfengisbólið, föðurlandsást og eftir að hún hafði helgað sig trúnni sagði hún frá kærleika Guðs. Hún fluttist til Noregs, bjó á meðal fátækra og rétti þeim hjálparhönd. Hún vann brautryðjendastarf í vinnu að líknarmálum og að aðstoða vegalausar og fallnar konur og helgaði líf sitt í að hjálpa þeim sem áttu erfitt uppdráttar í lífinu. Ekki er ótrúlegt að það að hún var dóttir drykkjumanns og ólst upp hjá móðursystur sinni sem var mikil hugsjónamanneskja hafi markað sín spor í viðhorfi hennar til lífsins sem braust út í því að vilja hjálpa öðrum. Annar íslenskur frumkvöðull í félagsráðgjöf er Guðrún Jónsdóttir. Hún var fyrsti Íslendingurinn til að ljúka prófi í félagsráðgjöf og fyrsti kennslustjórinn í félagsráðgjöf við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Hún var einn af stofnendum Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og lauk doktorsprófi í félagsráðgjöf. Guðrún var einn af frumkvöðlum Samtaka um kvennaframboð og ein af stofnendum Stígamóta sem eru óformleg grasrótarsamtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi. Hún hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2007.

Höfundur telur að framlag frumkvöðla í greininni hafi kennt okkur að félagsráðgjöf verði alltaf fag þar sem reyni á nýjungar, þróun og mótun úrræða. Manneskjan er svo margbreytileg að ekkert eitt á við um alla. Frumkvöðlar í greininni eiga eftir að koma og fara eins lengi og fólk verður til og áriðandi er að þeir sem starfa sem félagsráðgjafar og leggja stund á félagsráðgjafarnám séu með opinn huga og þarfir annarra í fyrirrúmi þegar kemur að því að miðla því sem búið er að tileinka sér. Frumkvöðlar hafa kennt okkur að til að framþróun geti orðið innan greinarinnar er áriðandi að ólíkar vinnuaðferðir fái að vaxa og dafna.

Áhugavert var að tala við Guðrúnu Jónsdóttur um ævi hennar og störf og flétta það saman við sögu félagsráðgjafar og sögu frumkvöðla greinarinnar. Færir höfundur henni

sérstakar þakkir fyrir að hafa gefið sér tíma til að spjalla við sig. Á meðan ritgerðin var skrifuð kviknuðu margar spurningar og sú áleitnasta var hvort kennsla í félagsráðgjöf væri á réttri leið og hvort sú þróun sem hefur orðið í kennslu í félagsráðgjöf sé að gera okkur að betri félagsráðgjöfum?

Hægt er að segja að sú þróun að samræma nám og námsmat sé eðlilegt framhald á ört minnkandi heimi þegar það er orðinn eðlilegur hluti af háskólanámi að fara til annarra landa og afla sér þekkingar. En hægt er að spyrja sig að því þegar kemur að kennslu í félagsráðgjöf þar sem megin hugsunin snýst um að vinna með fólki í þeirra aðstæðum hvort ekki sé nauðsynlegt að nemendur kynnist líka starfi á vettvangi meðfram fræðilegu námi. Hvort það geri okkur ekki að betri félagsráðgjöfum? Eftir að hafa farið í gegnum allt efnið sem höfundur gerði til að skrifa ritgerðina telur hann nauðsynlegt að um samspil vettvangsvinnu og fræðanna sé að ræða þegar kemur að kennslu í félagsráðgjöf. Höfundur telur líka að ágreiningur um áherslur sé góður og af honum geti skapast fjölbreytni sem hafi í för með sér nýjungar og breytingar en þegar um kennslu í félagsráðgjöf er að ræða sé ólíklegt að allir verði sammála um aðferðir og leiðir.

Fyrstu spor félagsráðgjafar á Íslandi tengdust skipulagi framfærslu og félagsmála sem eiga sér aldagamlar rætur í íslensku þjóðfélagi. Þróun í félagsráðgjöf hefur verið mikil síðan hún varð til sem sérhæfð starfsgrein utan Íslands fyrir meira en 100 árum sem tengdist kristilegum góðgerðafélögum og umbótahreyfingum sem voru starfræktar á þeim tíma. Á Íslandi tengdust fyrstu spor félagsráðgjafar skipulagi framfærslu og félagsmála sem eiga sér aldagamlar rætur í íslensku þjóðfélagi. Þróun hér á landi varð þó aðeins frábrugðin því sem átti sér stað í nágrannalöndunum og má það rekja til þess að hér á landi var iðnbyltingin seinna á ferðinni.

Saga félagsráðgjafar er saga baráttu frumkvöðla en þeirra framlag, fórnarlund og pólitíska vitund er aðalmótunarferli félagsráðgjafar. Í ljósi þessa eru orð Guðrúnar Jónsdóttur athyglisverð þegar hún segist muna vel eftir fyrstu baráttunni sinni:

Það hafi verið þegar hún var svona fimm ára, þá var maður alltaf klæddur í ullarsokka með kot úr íslensku bandi. Mamma var að klæða mig í nýþvegna ullarsokka. Hún ýtti þeim alltaf upp en ég ýtti niður, hún upp og ég niður. Hún hefur það af á endanum að setja mig í sokka og ég man það að ég gekk út úr húsinu eins og spýtukall án þess að beygja hnéin. Ég settist undir vegginn á húsinu á móti og horfði upp í eldhúsgluggann hjá henni og ég

sat þar alveg þangað til um kvöldið. Þetta er strangasta baráttan sem ég hef háð, en það breytti því þó ekki að ég þurfti að fara aftur í ullarsokka.

Sem segir okkur að baráttunni lýkur aldrei alveg.

Heimildir

The Human Spirit Initiative. (e.d.). Jane Addams: *The Founding of Hull House 1889–1920 Telling the Story and Showing the Way*. Sótt 3. mars 2012 af http://www.human-spirit-initiative.org/blog2/wp-content/uploads/2010/10/Jane_Addams_monograph.pdf.

Addams, J. (1994). *Twenty Years at Hull-House with Autobiographical Notes*. New York: Buccaneer Books.

Anna S. Jónsdóttir, Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Jóna Eggertsdóttir og Rannveig Gunnarsdóttir. (1982). *Félagsráðgjöf: Tilurð og þróun sérfræðigreinar*. Óbirt BA verkefni í Háskóla Íslands, Félagsvísindadeild.

Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir (ritstjórar). (2008). *Félagsráðgjafatal*. Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.

Agnew, N. Elizabeth. (2004). *From Charity to Social Work*. Illinois: Board of Trustees of the University of Illinois Press.

Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Jóna Eggertsdóttir og Rannveig Gunnarsdóttir. (2008). Ágrip af sögu Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa. Í Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir. (ritstj.). *Félagsráðgjafatal* (bls. 11-48). Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.

Barker, R.L. (2003). *The Social Work Dictionary*. Washington: NASW Press.

Farley, O.W., Smith, L. L. og Boyle, S.W. (2006). *Introduction to Social Work* (10.útg.). Boston: Allyn & Bacon.

Félag félagsráðgjafa. (e.d.). *Fréttir - Félagsráðgjafar með starfsleyfi*. Sótt 14. apríl 2012 af <http://felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=91&Itemid=97>.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1982). *Ómagar og utangarðsfólk : fátækramál Reykjavíkur 1786-1907*. Reykjavík : Sögufélag.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1997). *Saga og samfélag. : þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar. Í Guðmundur Hálfánarson, Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir (Ritstjórar), þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar.* Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Gumz, E. J. (2004). American Social Work, Corrections and Restorative Justice: An Appraisal. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*. Sótt 1. mars 2012 af <http://ijo.sagepub.com/content/48/4/449.full.pdf+html>.

Hagstofan. (e. d.). *Mannfjöldi*. Sótt 10. apríl 2012 af <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00000%26ti=Lykilt%F6lur+manna%F6ldans+1703%2D2012+++++%26path=./Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

IASSW AIETS.(2012). *THE GLOBAL AGENDA*. Sótt þann 8. mars 2012 af: http://www.iassw-aiets.org/images/Documents/GA_E_8Mar.pdf.

International Encyclopedia of the Social Sciences. (1968). *Social Work*. Sótt þann 7. febrúar 2012 af: http://www.encyclopedia.com/topic/social_work.aspx.

Kolbrún S. Ingólfssdóttir. (2009). *Merkiskonur sögunnar*. Reykjavík: Veröld.

Kristín Valgerður Ólafsdóttir. (2002). *Félagsráðgjöf - sérfræðigreinin í takt við tímann*. Óbirt BA verkefni: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Landlæknisembættið. (e.d). *Siðareglur heilbrigðisstétta*. Sótt 15. mars 2012 af <http://www.landlaeknir.is/pages/435>.

Háskóli Íslands. (2012). *Um félagsráðgjafardeild*. Sótt 19. mars 2012 af http://hi.is/felagsradgjafardeild/um_felagsradgjafardeild.

Kvinnasögusafn. (e.d.). *Ártöl og áfangar*. Sótt 11. febrúar 2012 af <http://kvennasogusafn.is/index.php?page=artoel-og-afangar>.

Lög um félagsráðgjöf nr. 95/1990.

Rauhvargers, A. (2011). Achieving Bologna goals: Where does Europe stand ahead of 2010. *Journal of Studies in International Education*. Sótt 18. febrúar 2012 af <http://jsi.sagepub.com/content/15/1/4.full.pdf+html>.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. (2006). *Ævisaga Ólafíu Jóhannsdóttur*. Reykjavík: JPV.

Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Vísindi og vald, rannsóknarviðtak, þekkingargrunnur og faglegt sjálfræði í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1, 31-41.

Júlíusdóttir, S. og Peterson, J. (2003). Common Social Work Education Standards in the Nordic Countries - Opening an Issue. *Social Work and Society International Online Journal*. Sótt 24. febrúar 2012 af <http://www.socwork.net/sws/article/view/254/429>.

Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Tryggingastofnun ríkisins.

Stígamót. (e.d.). *Hugmyndafræði*. Sótt 2. mars 2012 af <http://www.stigamot.is/index.php/hugmyndafræei>.